



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2014

Ásta Hermannsdóttir
Agnes Stefánsdóttir

2017

Ritstjórn

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Ljósmyndir

Sjá myndaskrá aftast

Ljósmynd á forsíðu

Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðið í Móakoti á Seltjarnarnesi. Ljósmynd: Gísli Pálsson.

© 2017

Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin
ISBN 978-9935-9090-8-4

Minjastofnun Ísland

Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Reykjavík og nágrenni.....	5
2.1	Hvaleyri í Hafnarfirði	5
2.2	Móakot í landi Ness á Seltjarnarnesi. Nemendauppgröftur Háskóla Íslands	7
2.3	Pósthússtræti í Reykjavík.....	9
2.4	Vesturgata 5, Reykjavík. Rannsókn vegna flutnings Gröndalshúss á lóðina	11
2.5	Rannsókn á klausturminjum í Viðey á Kollafirði	13
2.6	Fornleifarannsókn í Leirvogi, Hrísbú og Borg (Borgarmel), Mosfellsbæ. Mosfell Arcaheological Project	14
3.	Vesturland	17
3.1	Katanes í Hvalfjarðarsveit – forrannsókn.....	17
3.2	Katanes í Hvalfjarðarsveit - framhald	19
3.3	Bær í Andakíl. Kortlagning klausturlífs á Íslandi	21
3.4	Hítardalur á Mýrum. Kortlagning klausturlífs á Íslandi	22
3.5	Gufuskálar á Snæfellsnesi. Björgunarrannsókn vegna rofs	23
3.6	Helgafell í Helgafellssveit. Kortlagning klausturlífs á Íslandi.....	24
4.	Norðurland vestra.....	25
4.1	Þingeyrar í Húnaþingi. Kortlagning klausturlífs á Íslandi	25
4.2	Klausturbrekka (Reynistaður) í Skagafirði. Kortlagning klausturlífs á Íslandi.....	27
4.3	Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCaSS)	28
4.4	Hamar í Hegranesi	30
4.5	Eyðibýli og afdalir Skagafjarðar VII áfangi - Skagfirska kirkjurannsóknin	33
5.	Norðurland eystra.....	35
5.1	Gásir Hinterland Project - Rannsókn á öskuhaugum í Hörgárdal	35
5.2	Víkingaaldarbygging á bæjarstæði Skugga í landi Staðartungu í Hörgárdal	37
5.3	Frumdægur Akureyrar	39
5.4	Ingiríðarstaðir í Þegjandadal. Rannsókn á kumlateig	40
5.5	Hofstaðir í Mývatnssveit. Rannsókn á kirkjugarði	42
5.6	Borkjarnasýnataka og könnunarskurðir á níu jörðum í Mývatnssveit til að staðsetja öskuhauga	44
5.7	Kumlabrekka á Geirastöðum	46

5.8	Bakki á Tjörnesi	47
5.9	Fornleifarannsóknir í landi Svalbarðs í Þistilfirði	49
6.	Austurland	51
6.1	Útihúsatóft í landi Kvíabóls, Norðfirði.....	51
7.	Suðurland	53
7.1	Fornleifarannsóknir í Skaftártungu	53
7.2	Skálholt. Nemendagröftur Háskóla Íslands.....	55
7.3	Konungsvegur við Flosagjá í Þjóðgarðinum á Þingvöllum.....	56
7.4	Háeyrarmýri og Óseyri, Sveitarfélaginu Árborg	57
8.	Reykjanes.....	58
8.1	Um hólma og nes, minjar eftir þýska kaupmenn á Suðurnesjum.....	58
8.2	Vogur í Höfnum, Reykjanesbæ	60
8.3	Lónshús í Garði.....	62
8.4	Stóra-Knarrarnes, Vatnsleysuströnd.....	63
9.	Aðrar rannsóknir	65
	Myndaskrá	66

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim.

Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:


Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.

Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublaðum sem bárust fyrir árið 2014 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir.

Eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hvernar rannsóknar fyrir sig.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og og farið réttshælis kringum landið og endað á Reykjanesi.

Athyglisvert er að engar rannsóknir fóru fram á Vestfjörðum árið 2014 auk þess sem einungis tvær rannsóknir fóru fram á svæðinu frá Langanesi og vestur fyrir Þjórsá. Þetta er töluverð breyting frá árinu 2013 þegar rannsóknirnar dreifðust tiltölulega jafnt yfir alla landshluta.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2014. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.


2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Hvaleyri í Hafnarfirði. Horft til suðurs yfir skurðinn. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

2.1 Hvaleyri í Hafnarfirði

Leyfishafi: Katrín Gunnarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Hafnarfjarðar
Rannsóknarnúmer: 2013070015	Númer Þjóms: 2014-30
Staðsetning: A 354212; N 398700	Póstnúmer: 220 Hafnarfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 15.07.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 16.07.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Rannsóknin fór fram vegna framkvæmda á Golfvelli Keilis á Hvaleyri í Hafnarfirði. Skurðurinn var grafinn í gegnum túngarðinn með lítilli gröfu og liggur u.þ.b. um miðjan norðausturhluta Suðurtúngarðs, sem liggur út að Hvaleyrarlóni. Túngarðurinn er þarna mjög útflattur, um 3,50 m á breidd. Hann er grasi-vaxinn og ekki sést í neinar hleðslur. Rannsóknarskurðurinn er um 2,15 m breiður, austurhlið hans er um 2,00 m að lengd og vesturhlið 2,14 m að lengd. Í botni skurðarins var sjávarmöl þakin 0,03-0,05 m þykku svörtu lagi. Ofan í því er óregluleg steinaröð sem liggur á milli hliða skurðarins. Steinaröðin er á um 1 m breiðu svæði og liggur meira að norðurhlið skurðarins. Steinaröð þessi hefur verið undirstaða garðsins, en steinar hafa dreifst frá aðalhleðslunni. Svarta lagið hefur ekki verið greint, en fyrir liggur að það verði gert. Neðstu steinar garðhleðslunnar hafa að mestu legið í svarta laginu yfir sjávarmölinni í botni skurðarins. Engir gripir fundust við rannsóknina en sýni var tekið úr svarta laginu.

English Summary

The excavation was carried out in connection with intended construction work at the golf course at Hvaleyri in Hafnarfjörður. A test trench was dug through a boundary wall with a small excavator. The test trench was located where the boundary wall was very flat and about 3,5 m wide. Only grass could be seen on the surface, i.e. no stones were sticking out of the vegetation. The test trench was about 2 x 2,15 m wide and a row of stones was found in the trench, about 1 m wide and going through the trench from east to west. This row of stones was probably the foundation of the boundary wall. A black layer, about 0,03-0,05 m thick, was found at the bottom of the trench, above the natural gravel and under the foundation stones. Samples were taken from the black layer for analysis.



Mynd 3. Móakot, loftmynd af rannsóknarsvæðinu, tekin með flygildi. Ljósmynd: Gísli Pálsson.

2.2 Móakot í landi Ness á Seltjarnarnesi. Nemenda- uppgröftur Háskóla Íslands

Leyfishafi: Gavin Lucas	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2006050035	Númer Þjóms: 2014-7
Staðsetning: A 353755; N 409714	Póstnúmer: 170 Seltjarnarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 12.5.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 6.6.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um efnismenningu hjáleigu frá 18. öld og veita fornleifafræðinemum uppgrafarreynslu, en uppgröfturinn er hluti af námi þeirra í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Tvær meginniðurstöður má draga af rannsókninni til þessa. Í fyrsta lagi varðandi það hvenær staðurinn var yfirgefinn. Rústirnar eru af hjáleigunni Móakoti, sem getið er um í heimildum að hafi verið í byggð á 18. öld og yfirgefin 1789.

Gripir sem fundist hafa, og hægt hefur verið að aldursgreina, benda til búsetu á 18. öld. Þetta styður í meginráttum frásögn ritheimilda.

Hins vegar fundust einnig yngri minjar frá 19. öld bæði fyrir utan bæjarrústina og yfir henni. Þetta bendir til þess að staðurinn hafi verið tekin aftur í notkun í stuttan tíma. Þá hafa allmiklar breytingar verið gerðar á byggingunni sem hafa enn ekki verið aldursgreindar með fullri vissu.

Í öðru lagi er hægt að draga nýjar ályktanir varðandi upprunalegan aldur staðarins. Veggjabrot sem eru að koma í ljós utan við aðalbygginguna eru líklega eldri en bæjarrústin frá 18. öld. Engir gripir hafa þó enn fundist sem hægt er að tengja þessum eldri minjum. Frekari spurningum um þessar eldri minjar verður aðeins svarað með áframhaldandi rannsóknum á staðnum.

English Summary

The aim of the research is to gather information on the material culture of a tenancy in the 18th century as well as give archaeology students at the University of Iceland excavation experience, the excavation being a part of their study at the University. Two main conclusions can be drawn from the project so far.

The first concerns when the site was abandoned. The ruins identified as Móakot appear to be from the 18th century based on finds, which is consistent with the documented sources. However some finds from the 19th century have been recovered outside the structure which may indicate some informal occupation of the building at later times. Móakot is recorded as having been abandoned in 1789, but the finds clearly indicate later activity in the area. These finds do not seem like random losses or even part of midden dumping but are more indicative of actual occupation of the site. Possibly the ruin was re-used or re-occupied for a short duration. There is certainly some evidence that the main structure has been substantially modified at some point, but at present the dating of this is unknown.

The second conclusion concerns the origin of the site; although no definite finds have been recovered indicating a date earlier than the late 17th/18th century, remains of structures which appear to pre-date the structure could suggest activity at Móakot prior to this period. This will only be resolved in future years.



Mynd 4. Horft til suðurs yfir rannsóknarsvæðið í Pósthússtræti. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

2.3 Pósthússtræti í Reykjavík

Leyfishafi: Oddgeir Isaksen	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014020002	Númer Þjóms: 2014-5
Staðsetning: A 357028; N 408328	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 3.04.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 20.06.2014
Tegund rannsókna: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: uppgröftur



Vegna gatnaframkvæmda í Pósthússtræti milli Austurstrætis og Tryggvagötu fóru fram framkvæmdaefirlit og fornleifauppgröftur vorið 2014.

Rannsóknarsvæðinu var skipt í fjögur undirsvæði sem merkt eru A, B, C og D. Svæði A: komið var niður á leifar grjóthlaðinnar bryggju í skurði sem tekinn var rétt norður af meginframkvæmdasvæðinu, á miðjum gatnamótum Tryggvagötu og Pósthússtrætis. Lá bryggjan norður-suður og var um að ræða leifar Bæjarbryggjunnar sem einnig hefur verið nefnd Steinbryggjan, sem upphaflega var byggð 1884 og endurbætt 1892. Eftir að hafnargerðin hófst 1913 minnkaði hlutverk bryggjunnar umtalsvert og hvarf hún á endanum undir hafnarfyllingu. Sá hluti bryggjunnar sem grafinn var fram á svæði A var hlaðinn úr tilhöggnu grjóti, um 25 cm þykku, 55 cm breiðu og allt að 65 cm á lengd. Var bryggjan mjög þétt hlaðin og hleðslan límd saman með steypu. Ekki var grafið niður á botn bryggjunnar en þar sem hún stóð hæst í skurðinum var hún um 1,2 m á hæð. Nálægt vestanverðum suðurenda bryggjunnar sást einnig í leifar óreglulega hlaðins sjóvarnargarðs sem lá austur-vestur.

Svæði B: við norðurenda framkvæmdasvæðisins fundust tvö pör af járnbrauta-teinum, með um 1,8 m millibili, og lágu þau norður-suður. Sátu bæði pörin í steiptum hellum. Austan við eystri teinana fannst einnig járnhringur, um 10 cm þvermál, sem var steiptur ofan í helluna. Vestast á svæði B fannst hleðsla sem samanstóð af fjórum steinum og lá hún þvert á uppgraftarsvæðið. Var um að ræða leifar af sömu bryggju og sást á svæði A. Eru heimildir fyrir því að slíkir

teinar hafi verið lagðir víða á svæðum fiskverkenda til að flytja fisk á vögnum upp úr fjörunni.

Svæði C: í norðvesturenda framkvæmdasvæðisins komu í ljós leifar af grjót-hlöðnum undirstöðum fyrir timburbyggju. Sneri byggjan nokkurn veginn norður-suður. Austurhlið byggjunnar var úr tilhöggnu grjóti. Þar fyrir innan var grjót- og malarfylling sem sat á timburbitum og stóðu járnteinar upp úr bitunum í gegnum fyllinguna. Er líklegt að timburbitar hafi líka verið ofan á fyllingunni sem áður nefndir járnteinar hafa fest niður. Var hér einnig um að ræða leifar Bæjarbyggjunnar.

Svæði D: á svæðinu kom í ljós hluti af grjóthlöðnum kjallara. Sá hefur verið með múrsteinslögðu gólfi. Var hægt að skipta byggingunni í a.m.k þrjú byggingarstig. Er talið að um sé að ræða leifar pakkhúss sem stóð á baklóð Hafnarstrætis 14 sem var þar sem Pósthússtræti liggur nú í gegnum Hafnarstræti. Er pakkhúsið talið hafa verið byggt á tímabilinu 1801-1857, en rífið fljótlega upp úr 1876.

English Summary

Watching brief and an archaeological excavation were conducted in Pósthússtræti, Reykjavík, in connection with construction work on the site. The research area was divided into four parts: areas A, B, C and D. In areas A, B and C, the remains of a pier, originally built in 1884, made of stone and wood, were found. In area B, the remains of early 20th century iron tracks sitting in a concrete platform, were also found. According to early 20th century sources, similar tracks were built in many places in the harbour area, to bring goods on wagons from the seashore.

In area D, the remains of the basement of a warehouse, built in the era between 1801 and 1857, were found.

The basement's use could be divided into at least three phases, but the house is thought to have been demolished just after 1876.



Mynd 5. Suðausturhorn Glasgow á meðan á rannsókn stóð á Vesturgötu 5. Horft í vestur. Ljósmynd: Nikola Trbojevic.

2.4 Vesturgata 5, Reykjavík. Rannsókn vegna flutnings Gröndalshúss á lóðina

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014080020	Númer Þjóms: 2014-44
Staðsetning: A 356810; N 408423	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 2.9.2016	Vettvangsrannsókn lauk: 26.9.2016
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: uppgröftur



Haustið 2014 var framkvæmdaefirlit með uppgræftri á lóð í Grjótaþorpinu þangað sem flytja átti Gröndalshús. Á rannsóknarsvæðinu fannst hluti af grunnri verslunarhússins Glasgow sem reist var árið 1863, og brann til kaldra kola árið 1903. Mannvirkjaleifar voru suðurendi grunnsins, sem var niðurgráfin grjót-hleðsla, auk hluta af steypu gólfi og múrsteinsgólfi inni í húsinu. Töluverð merki um brunann voru sýnileg. Utan við húsið fannst óregluleg stétt, líklegast útivinnslusvæði tengt tómhúsunum sem stóðu á lóðinni áður en Glasgow var byggt. Gripirnir sem fundust í grunni og utan við hús 5b við Vesturgötu spanna tímabilið frá byrjun þéttbýlismyndunar í Reykjavík á 18. öld og fram til byrjunar þeirrar 20., en flestir eru þeir frá tímabilinu upp úr miðri 18. öld og fram á seinni hluta þeirrar 19. Alls voru skráð 74 fundanúmer.

English Summary

In the fall of 2014 a watching brief was conducted on a plot in down town Reykjavík. An old house, Gröndalshús, was to be moved to the plot. Part of the foundations of the house Glasgow came to light during work on the plot. Glasgow was built in 1863, but burned to the ground in 1903. Structural remains were the house's stone-built foundations, within a foundation trench, as well as partial concrete and brick laid floors. There was clear evidence of the burning within the structure. Outside the structure the remains of an irregular pavement were discovered, probably an outside working area associated with one of the houses that stood on the plot before the construction of Glasgow.

The artefacts found at the site span the period of urbanization in Reykjavík, from the 18th to the early 20th century, although most of them date from the mid-18th to late 19th century.



Mynd 6. Loftmynd af Viðey. Staðsetningar könnunarskurða eru merktar inn. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

2.5 Rannsókn á klausturminjum í Viðey á Kollafirði

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2014060018	Númer Þjóms: 2014-28
Staðsetning: A 361218; N409770	Póstnúmer: 104 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 27.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 6.8.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var í Viðey árin 1226-1539. Grafnir voru fjórir könnunarskurðir á stöðum þar sem einhverjar sögusagnir höfðu verið um að klaustrið hafi staðið. Í einum könnunarskurðinum var komið niður á tveggja metra djúpt móöskulag, litlar upplýsingar var að fá úr hinum skurðunum. Hafa þessir staðir þó nú verið útilokaðir sem klausturstæði og líklegast þykir að rústir þess sé að finna norðan og norðaustan við Viðeyjarstofu og hafi hluti þeirra komið upp við uppgröftinn sem fram fór á staðnum árin 1987-1996.

English Summary

The aim of the research was to search for the ruins of the monastery operated in Viðey in 1226-1539. Four test pits were dug in places that could, based on rumours, possibly be the sites of the monastery. In one of the test pits there was a two meter deep peat ash deposit, but the other test pits yielded little information. However, these places have now been excluded as the possible locations of the monastery ruins. The most likely place is considered to be north and northeast of Viðeyjarstofa and a part of the buildings was probably found in the excavation that took place during the years 1987-1996.



Mynd 7. Jarðsjármælingar á Hrisbrú. Ljósmynd: Mosfell Archaeological Project.

2.6 Fornleifarannsókn í Leirvogi, Hrisbrú og Borg (Borgarmel), Mosfellsbæ. Mosfell Archaeological Project

Leyfishafi: Jesse Byock	Fyrirtæki/stofnun: UCLA
Rannsóknarnúmer: 2002060021	Númer Þjóms: 2014-25
Staðsetning: E372090 N411987	Póstnúmer: 271 Mosfellsbær
Vettvangsrannsókn hófst: 1.7.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 25.7.2014
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð aðferð



Rannsóknir teymisins hafa staðið yfir í Mosfellssveit frá 1995. Árið 2013 hófst nýr þáttur í rannsóknunum sem snýr að Leirvogshöfn og baklandi hennar. Verkefnið gengur út á að staðsetja og rannsaka Leirvogshöfn með það fyrir augum að varpa ljósi á félagshagfræðileg áhrif hafnarinnar, og safna upplýsingum sem geta leitt til aukins skilnings á innviðum og skipulagi hafna sem gegndu mikilvægu hlutverki í samfélagi víkinga í samhengi Norður-Atlantshafsins. Rannsóknir sumarsins fóru fram á þremur stöðum: Hrisbrú, Skiphóli og Borg. Hrisbrú: við vettvangskonun á Hrisbrú sumarið 2011 komu í ljós veggir frá víkingaöld í könnunarskurði sem grafinn var norðvestan við skálann sem hafði áður verið grafinn upp af sömu rannsóknaraðilum. Árið 2014 var jarðsjá notuð til að leiða þetta mannvirki betur í ljós. Það er um einn metra undir yfirborði og stærð þess virðist vera 7 x 2 m. Líklega eru þetta leifar af útihúsi sem hefur tengst bæjarhúsum frá víkingaöld.

Skiphóll: eftir könnunarborun og jarðeðlisfræðilegar athuganir árið 2013 var talið líklegt að svonefndur Skiphóll væri manngerður og hefði orðið til fyrir árið 1500. Til að styrkja þessar ályktanir var grafinn könnunarskurður árið 2014. Hann leiddi í ljós manngerðan hól þar sem í ljós komu mörg lög og kerfi niðurgafinna rása („ditch complex“). Frekari gróftur og könnun gjóskulaga á staðnum sýndu að hóllinn er frá víkingatíma. Miðbik þessa hóls, sem er gerður úr torfi og jarðvegi, var endurgert a.m.k. einu sinni. Umhverfis innri kjarna

hólsins er kerfi þriggja rása. Skilið var við þennan innri hluta óhreyfðan, hann bíður rannsókna í framtíðinni.

Borg: við uppgröft á árunum 2013 og 2014 komu í ljós ummerki um mannvist á Borg sem reyndust vera frá víkingatíma. Þarna eru þrjár hólur með miklum torfgörðum sem bendir til mannvistar. Að vísu benda leifarnar til að þarna hafi aðeins verið tímabundin mannvist, e.t.v. sel eða búðir fyrir járnvinnslu fremur en varanlegur búskapur. Árið 2014 var einn hólanna (mound 1) grafinn upp og fundust í honum tvö byggingarskeið. Mannvirkin á eldra skeiðinu voru reist beint ofan á landnámslaginu á staðnum sem bendir til að þarna hafi menn afhafnað sig skömmu eftir landnám.



Mynd 8. Borg, Mosfellsdal. Ljósmynd: Mosfell Archaeological Project.

English Summary

The team's research has been ongoing in Mosfellsdalur Valley since 1995. In 2013 a new initiative was started, focusing on Leirvogur harbour and its hinterland. This research is aimed at shedding light on the socio-economic aspect of the harbour, and, in broader North-Atlantic contexts, provide data for understanding the infrastructure and organization of the harbours that served as the vital nodes for the trans-Atlantic Viking World.

The 2014 research was conducted on three sites: Hrísrú, Skiphóll and Borg.

Hrísrú: The research group had in 2011 identified Viking Age walls in a test trench excavated to the northwest of the previously excavated longhouse. In 2014 ground penetrating radar was used to image this buried building. The structure, lying approximately 1 m below the surface appears to be 7 x 2m. This building is probably an ancillary structure connected to the Viking Age farm.


Skipihóll: Based on coring and geophysics survey in 2013, it was hypothesized that the mound known as Skiphóll was a man-made mound constructed before AD 1500. In 2014, to test this hypothesis a test trench was excavated that revealed a multi-phased man-made mound and ditch complex. Expanded excavation and study of in situ tephras showed that the mound dates to the Viking Age. The central part of the turf and earth mound was rebuilt at least once. A network of three ditches at the inner base of the mound encircles the central inner mound. The inner structures was left intact for future excavations.

Borg: the research's 2013 and 2014 seasons discovered and unearthed a Viking Age occupation site at Borg. The cluster of three mounds with large turf walls is indicative of a site where people lived, although the character of the deposits suggest that this site was occupied only temporarily, and may have been a shieling or possibly an iron extraction camp, rather than a permanent farm. In 2014, Mound 1 was excavated and two structural phases found. The oldest was built immediately on top of the in situ Landnám tephra, indicating that this site was in use soon after the initial settlement of Iceland.



Mynd 9. Skipphóll, Leirvogur. Ljósmynd: Mosfell Archaeological Project.

3. Vesturland



Mynd 10. Yfirlitsmynd yfir könnunarskurði í túni Kataness. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

3.1 Katanes í Hvalfjarðarsveit – forrannsókn

Leyfishafi: Adolf Friðriksson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014060016	Númer Þjóms: 2014-26
Staðsetning: A 367038; N 432145	Póstnúmer: 301 Akranes
Vettvangsrannsókn hófst: 10.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 22.7.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Hafnar voru rannsóknir á Katanesi á Hvalfjarðarströnd til að kanna mannvistarleifar sem víkja munu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu. Gerð var forkönnun á eftirfarandi stöðum:

Tóft 003. Í könnunarskurði kom í ljós mikil aska og brenndur víður. Virtist húsið hafa brunnið eða verið brennt. Umbúnaður innan tóftar var flóknari en gert var ráð fyrir, en í skurðum utan hússins komu engar óþekktar minjar í ljós. Tóft 006. Grafinn var skurður langsum eftir þústinni sem þar er. Í ljós kom tóft sem skiptist í tvö hólf. Ljóst er að hún hefur verið sléttuð út, líklega með beðasléttum, og er því talsvert skemmd. Í sniði má sjá leifar hruninna veggja í austur- og vesturenda auk milliveggjar í vesturhluta. Innan tóftar eru miklar torfleifar og laust grjót, sem væntanlega er hrun og leifar veggja sem hafa verið rifnir. Í torfinu vottar fyrir svartri, fíngerðri gjósku. Er það líklega Kötlulag frá um 1500 e.Kr. og húsið því yngra en frá 15. öld.

Útihús 004 og 005. Leitað var mögulegra ummerkja um útihús sem merkt er á túnakorti Kataness frá 1918, og á skipulagsupprætti sem minjastaður nr. 004 og 005. Grafnir voru níu skurðir í suðurjaðri og nærri miðju svonefndrar Hesthúsflatar. Engar mannvirkjaleifar komu í ljós.

Tóft. 028. Grjóthleðsla 028 var rannsökuð í því skyni að leita eldri minja. Tóftin reyndist vera reist svo til beint ofan á klöpp. Var hún teiknuð upp og mynduð. Engar eldri minjar eru á staðnum.

Þúst 034. Við athugun kom í ljós kom að þústin er í raun klapparkollur. Fundust þar mannvistarleifar, sem eru augljóslega frá síðustu áratugum. Hefur þar verið brennt rusli.

Þúst 037. Grafnir voru tveir prufuskurðir í þústina til að fá úr því skorið hvort þarna væri mannvirki. Þar komu í ljós leifar torfveggja og grjóthleðslu. Niðurstaðan staðfesti að þar eru fornar mannvirkjaleifar, en prufuskurðirnir dugðu hvorki til að segja til um lögun og stærð, eða aldur og hlutverk tóftanna.

English summary


A trial excavation was carried out in seven places in the homefield of the farm Katanes. The aim was to evaluate known archaeological sites in connection with intended construction work in the area. The results show that two sites, no. 003 and 037, contain the remains of fairly well preserved structures, while no. 034 is a rubbish heap from the late 20th century. No. 028 is a subrectangular stone feature, sitting on a bedrock. No. 006 is an oblong structure made of stone and turf, but badly damaged due to field levelling.



Mynd 11. Katanes í Hvalfirði. Yfirlit yfir svæði 3 eftir uppgröft á yngri tóft. Svæði 37 í baksýn. Horft í austur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

3.2 Katanes í Hvalfjarðarsveit - framhald

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014060016	Númer Þjóms: 2014-26
Staðsetning: A 367038; N 432145	Póstnúmer: 301 Akranes
Vettvangsrannsókn hófst: 7.10.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 10.11.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: uppgröftur



Við fornleifarannsóknir í Katanesi haustið 2014 voru grafinn upp mannvirki á tveimur svæðum, en rannsóknirnar eru framhald af forrannsóknum sem gerðar voru sama ár í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu (sjá hér að framan).

Á svæði 3 (BO-013:003) voru tvö mannvirki. Það eldra, líklegast einhvers konar útihús, var mikið skemmt, og því hvorki mögulegt að aldursgreina né ráða í hlutverk þess. Yngra mannvirkið var niðurgrafið hús sem hefur að öllum líkindum verið reykhus. Ekki var hægt að segja til um hvenær það hefur verið reist, en gripasafnið úr því bendir til þess að það hafi verið í notkun fram á fyrri hluta 20. aldar. Þegar hætt var að nýta húsið, á fyrri hluta 20. aldar, hefur þakið verið rífið af því, og það nýtt sem ruslagryfja.

Á svæði 37 (BO-013:037) fannst eitt mannvirki. Um var að ræða veglega vegg-hleðslu sem nýtti að hluta jarðfast berg, en utan í hana hafði verið hlaðið einhvers konar gerði úr torfi og grjóti. Hefur þetta gerði ekki verið undir þaki, en var hellulagt að hluta. Ekki er hægt að túlka hlutverk þess með óyggjandi hætti. Utan við stóru hleðsluna, og út frá henni höfðu c. 50 cm breiðar ræmur myndast í jarðveginn, og er líklegast að þar hafi verið leifar af beðum til ræktunar. Ekki er hægt að segja með vissu að ræktunin og tóftin hafi verið samtíða. En til dæmis má benda á að stóri veggurinn, eða tóftin, hafa að einhverju leyti verið beðin frá helstu vindum á svæðinu, og gæti það hafa stjórnað staðsetningu þeirra. Einnig

er möguleiki á því, ef tóftin hefur verið einhvers konar aðhald fyrir skepnur, að beðin hafi verið staðsett við húsið til að hafa auðveldan aðgang að áburði. Þó er ekkert sem bendir til þess að skepnum hafi verið haldið í tóftinni. Einnig er möguleiki á að tóftin hafi þjónað hlutverki einhvers konar geymslu fyrir ræktunina. Erfitt er að aldursgreina þetta mannvirki. Lítið fannst af gripum, en þó var eitt keramikbrot, sem þó er ekki hægt að tímasetja nákvæmara en frá því c. 1500 til snemma á 19. öld.

English summary

Structures were excavated in two separate areas during the 2014 season at Katanes in connection with intended construction work in the area. This research was a continuation of earlier research conducted in the same year (see above).

In area 3 (BO013:003) the remains of two structures were recovered. The earlier was most likely some sort of outhouse, however it was severely damaged by the later structure, so it is not possible to determine its function or age. The younger structure was a partially sunken feature building, which was most likely a smoke house. It is not possible to date the construction of the building, however the artefact collection indicates that it was in use into the early 20th century. Once it went out of use in the early 20th century, it appears that the roof was removed, and the structure used as a rubbish pit.


A single structure was excavated in area 37 (BO013:037). It consisted of a very substantial wall construction, which incorporated the natural bedrock. On one side of this wall was a small turf and stone constructed enclosure. This was not a roofed feature and was partially paved. The function of this structure was not certain. However on the other side of the large wall there were c. 50 cm wide strips in the soil, extending out from the boundary, most likely remains of cultivation. It is not possible to determine whether the cultivation and use of the structure was contemporary. Few artefacts were recovered, so dating is difficult. Only one pottery fragment was found, dated to c 1500 to early 19th century.



Mynd 12. Loftmynd af Bæ með staðsetningu könnunarskurðar inni í kirkju. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

3.3 Bær í Andakl. Kortlagning klausturlífs á Íslandi

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2013060043	Númer Þjóms: 2013-51
Staðsetning: A378003; N 460341	Póstnúmer: 311 Borgarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 3.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 11.6.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var í Bæ frá 1030-1049. Grafinn var könnunarskurður undir gólfi Bæjarkirkju, en þar þurftu að fara fram viðgerðir vegna vatnsleka. Komið var niður á steinhleðslu og gólflag. Það er ekkert sem útilokar að minjarnar undir gólfi núverandi kirkju séu leifar klaustursins á Bæ en það er heldur ekkert sem bendir beinlínis til þess. Leifarnar sem fundust voru af byggingu sem var hlaðin úr torfi og grjóti. Móaska bendir til þess að um íveruhús sé að ræða. Þá bendir jarðlagasamhengi til þess að það hafi verið fyrsta húsið sem byggt var á kirkjustæðinu vegna þess að undir því var óhreyfður jarðvegur. Frekari aldursgreiningar verða að skera úr um hvenær það var nákvæmlega. Gera má ráð fyrir því að fleiri óskemmdar rústir séu undir kirkjugólfinu. Skráð voru sjö gripanúmer.

English Summary

The aim of the research was to locate the ruins of the monastery operating at Bær from 1030-1049. A test pit was dug underneath the floor of the church at Bær, because the floor was going to be repaired due to water damage. A stone structure was found in the test pit and also a floor layer. There is no evidence that rules out that the remains under the present church are the remains of the monastery at Bær but there is no direct evidence that points to it either. The ruins found were of a building that was built with turf and stones. Peat ash was found, which points to a dwelling place. The stratigraphical sequence of the ruin shows that it was the first house built at that place because underneath it was just undisturbed soil. The dating for the structure is still not clear. It can be assumed that more undamaged ruins are underneath the church floor.



Mynd 13. Loftmynd af Hítardal. Könnunarskurður merktur inn með punkti. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

3.4 Hítardalur á Mýrum. Kortlagning klausturlífs á Íslandi

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2014060027	Númer Þjóms: 2014-32
Staðsetning: A 355357; N 481550	Póstnúmer: 311 Borgarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 18.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 30.7.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var í Hítardal árin 1166-1207. Grafinn var könnunarskurður nokkru ofan við örnefnið Kvíakinn þar sem virtist vera allmikið rústasvæði á loftmynd. Munnmæli voru um að klaustrið hafi staðið í Kvíakinn. Engin mannvist fannst í könnunarskurðinum, þar var aðeins fokmold og móbergsklöpp sem hafði mótast eins og bygging með inngangi. Var þessi staður því útilokaður sem mögulegt klausturstæði.

English Summary


The aim of this research was to search for the ruins of the monastery that was operated in Hítardalur 1166-1207. A test pit was dug near "Kvíakinn" where, on an aerial photo, there seemed to be large ruins. Also some people say that the monastery was located at Kvíakinn. However there were no signs of human activity in the test pit, only tuff rock that looked like wall remains on the surface. This place can be excluded as a possible location for the monastery.



Mynd 14. Gufuskálar. Mynd tekin í heimsókn starfsmanns Minjastofnunar Íslands. Ljósmynd: Agnes Stefánsdóttir.

3.5 Gufuskálar á Snæfellsnesi. Björgunarrannsókn vegna rofs


Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifa- stofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2008060021	Númer Þjóms: 2014-12
Staðsetning: A 266189; N 498166	Póstnúmer: 360 Hellissandur
Vettvangsrannsókn hófst: 10. júní	Vettvangsrannsókn lauk: 30. júní
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	Aðferð: uppgröftur



Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um skil á eyðublaði um lok rannsóknar hafa gögn ekki borist.

English Summary

Information is not available.



Mynd 15. Loftmynd af Helgafelli með staðsetningu könnunarskurða. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

3.6 Helgafell í Helgafellssveit. Kortlagning klausturlífs á Íslandi

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2014050038	Númer Þjóms: 2014-16
Staðsetning: A324266; N 509911	Póstnúmer: 340 Helgafellssveit
Vettvangsrannsókn hófst: 18.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 30.7.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurður




Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var á Helgafelli árin 1184-1543. Grafnir voru fimm könnunarskurðir víðs vegar á jörð Helgafells en í engum þeirra fundust byggingarleifar frá klausturtíma. Það má því segja að allmargir staðir innan jarðarinnar hafi verið útilokaðir sem möguleg klausturstæði. Enn er því ekkert hægt að fullyrða um hvar klaustrið að Helgafelli stóð en mestar líkur er á að það hafi staðið austan við kirkjuna, nærri Klausturhólum.

English Summary

The aim of this research was to search for the ruins of the monastery that was operated at Helgafelli in 1184-1543. Five test pits were dug at Helgafelli, none of which revealed building remains from medieval times. Many places at Helgafelli have now been excluded as the possible monastery location. Nothing can be asserted about the location of the monastery, but the most likely place is now considered east of the church, near Klausturhólar.

4. Norðurland vestra



Mynd 16. Loftmynd af Trumbsvölum. Könnunarskurðir eru merktir inn með punkti. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

4.1 Þingeyrar í Húnaþingi. Kortlagning klausturlífs á Íslandi

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2014060007	Númer Þjóms: 2014-39
Staðsetning: A 434769; N 562994	Póstnúmer: 541 Blönduós
Vettvangsrannsókn hófst: 18.8.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 19.8.2014
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var á Þingeyrum árin 1133-1551. Tveir könnunarskurðir voru teknir í tvær rústir á Trumbsvölum, en munnmæli eru um að þar hafi klaustrið staðið. Í fyrri könnunarskurðinum komu í ljós leifar af byggingu sem var byggð og notuð fyrir 1104, en yfir henni var óslitið gjóskulag frá Heklugosinu 1104. Jarðvegurinn fyrir ofan gjóskulagið var raskaður og bendir til umsvifa á staðnum eftir þann tíma. Engir gripir fundust aðeins eitt dýrabein.

Í seinni könnunarskurðinum kom í ljós torfhleðsla með gjósku úr gosinu 1104 og er sú bygging því byggð eftir þann tíma. Ekki lá neitt gjóskulag yfir rústinni til að aldursgreina hana frekar, en ritaðar heimildir benda til að Trumsvallir séu komnar í eyði á 16. öld. Nokkrir gripir fundust í rústinni, t.d. snældusnúður, en erfitt er að aldursgreina minjarnar nánar útfrá þeim. Ekkert útilokar enn sem komið er að klaustrið hafi staðið þarna, eins og munnmæli kveða á um. Þá getur Þingeyrabærinn hafa staðið þar upphaflega en verið fluttur síðar á núverandi bæjarstæði.

English Summary

The aim of the research was to search for the ruins of the monastery operated in Þingeyrar in 1133-1551. Two test pits were dug into two ruins in Trumbsvalir, where folklore says the monastery once stood. In the first test pit were remains of a building that was built and used before 1104, the tephra layer from Hekla 1104 was found in situ on top of the building. Above the tephra were disturbed layers that indicate activity at the site after that time. No artefacts were found in the test pits and only one animal bone.

The second test pit revealed turf that contained tephra from the eruption in 1104 and the building is therefore built after that time. No tephra layer was on top of the building, so further dating is difficult. Written sources indicate that Trumbsvalir was abandoned in the 16th century. Several objects were found, for example a spindle whorl, but it is difficult to use them for further dating of the building. Nothing excludes yet that the monastery stood at Trumbsvalir like folklore suggests. It's also possible that the farm at Þingeyrar was first built at Trumbsvalir and later moved to where it is now.



Mynd 17. Loftmynd af Reynistað. Staðsetning könnunarskurða er merktir inn með punktum. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.

4.2 Klausturbrekka (Reynistaður) í Skagafirði. Kortlagning klausturlífs á Íslandi

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2014060008	Númer Þjóms: 2014-21
Staðsetning: A 474047; N 573246	Póstnúmer: 551 Sauðárkrúkur
Vettvangsrannsókn hófst: 9.7.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 11.7.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var á Reynistað árin 1295-1551. Grafnir voru tveir könnunarskurðir í og við Klausturhólinn á Reynistað. Komið var niður á byggingarleifar frá klausturtíma en ekki er ljóst hvort leifarnar tengjast klaustrinu. Jarðeðlisfræðileg rannsókn sýndi u.þ.b. 600 fermetra stóra rúst undir yfirborði en erfitt er að greina eiginlegt form hennar, nema að því leyti að hún er nokkuð aflöng með einhvers konar viðbyggingu í syðri enda. Engir gripir sem hægt er að nýta til frekari aldursgreininga fundust við rannsóknina.

English Summary

The aim of this research was to search for the ruins of the monastery that was operated at Reynistaður in 1295-1551. Two test pits were dug in and near Klausturhóll at Reynistaður. Building remains from the medieval times were discovered, but it is not clear if the building belongs to the monastery. Geophysical study showed approximately 600 square meters ruin under the surface but it is difficult to identify its actual form, except that it is somewhat oblong with some sort of extension in the southern end. There were no artefacts found that could help with dating the building more accurately.



Mynd 18. Borkjarnasýnataka með 5 m bor við Glaumbæ. Ljósmynd: SCaSS.

4.3 Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCaSS)

Leyfishafi: John Steinberg	Fyrirtæki/stofnun: Fiske Center for Archaeological Research, Boston
Rannsóknarnúmer: 2013060042	Númer Þjóms: -
Staðsetning: A 476711; N 568256	Póstnúmer: 551 Sauðárkrókur
Vettvangsrannsókn hófst: 15.7.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 4.8.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: borkjarnar



Rannsóknir sumarsins snerust um borkjarnatökur á tveimur svæðum: Víðidal (highland area) og á Landholti (lowland area). Í Víðidal eru rannsóknarmarkmiðin að bera kennsl á gjóskulög í dalnum, meta varðveislu bæja og nærumhverfis þeirra og gera gróft mat á búsetuskeiði hvers bæjar. Á Langholti eru rannsóknarmarkmiðin að meta umfang bæjarhóla og fasa þeirra í tengslum við gjóskulögin frá 1104 og 1300.

Borkjarnar voru teknir í og við sýnilega bæjarhóla og öskuhauga. Á þremur vikum voru teknir alls 635 borkjarnar. Þar af voru 170 kjarnar teknir með Eijkelkamp kjarnabor sem var 6 cm í þvermál og 1 m á lengd en hægt var að framlengja borinn þannig að kjarnarnir gátu orðið allt að 5 m langir. Alls voru 465 borkjarnar teknir með 3 cm breiðum og 1,2 m löngum JMC kjarnabor. Gjóska fannst í 63 af 170 borkjörnum sem teknir voru með Eijkelkamp bornum og í 380 af af 465 kjörnum sem teknir voru með JMC bornum. Mannvist var greinanleg í 345 borkjörnum. Gjóska og mannvist fundust saman í 230 kjörnum. Dýpsti borkjarninn var alls 4,7 m langur. Þykkustu öskuhaugarnir sem voru rannsakaðir voru á Kjartansstöðum, Syðra Skörðugili og Glaumbæ.

English Summary

This season's research aims at coring sites in two areas in Skagafjörður: Víðidalur (highland area) and Langholt (lowland area). In Víðidalur the primary goals are to identify the tephra sequence in the valley, assess the preservation of the farms and surrounding landscape, and establish a rough estimate of the occupation span for each farmstead. In

Langholt the primary goal is to estimate the volume of farm mounds and their phases in connection with the 1104 and 1300 tephra layers.


Sites were cored in and around visible farm mounds and ash piles. Over 3 weeks about 635 cores were taken, of which about 170 were taken with the 6 cm wide, 5 m long (1 m splits) Eijkelkamp core and about 465 were taken with the 3 cm wide 1.2 m long (40 cm splits) JMC Backsaver core. Tephra layers were identified in about 63 of the 170 6 cm Eijkelkamp cores and about 310 of the 380 of the JMC cores. Cultural material was identified in about 345 separate cores. Tephra and cultural material were observed in about 230 separate cores. The deepest core taken was about 4,7 m deep. The deepest ash piles examined were at Kjartansstaðir, Syðra-Skörðagil, and Glaumbær.



Mynd 19. Hamar í Hegranesi - yfirlitsmynd af leifum skálabyggingar. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðsson.

4.4 Hamar í Hegranesi

Leyfishafi: Guðmundur St. Sigurðsson	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagafjarðar
Rannsóknarnúmer: 2014050027	Númer Þjóms: 2014-15
Staðsetning: A 979113; N 573771	Póstnúmer: 551 Sauðárkrókur
Vettvangsrannsókn hófst: 15.5.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 4.6.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Rannsóknin á Hamri í Hegranesi er framkvæmdarannsókn sem farið var í vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar norðan við íbúðarhúsið á gamla bæjarhólnum. Uppgriftarsvæðið var 122 m². Á bilinu 120-130 cm þykk mannvistarlög náðu yfir um 2/3 hluta svæðisins, en þau höfðu orðið fyrir miklu raski af völdum síðari tíma bygginga, lagna- og frárennslisskurða.

Hamar kemur fyrst fyrir í rituðum heimildum frá 13. öld. Við forkönnun í maí 2014 komu hins vegar í ljós mannvistarleifar undir Heklugjósku frá 1104 í tilraunaskurði sem sýndi að búseta þar nær a.m.k. aftur til 10. aldar. Megnið af jarðlögum sem sáust í skurðinum tilheyrðu þó yngri byggingarskeiðum frá 18.-20. öld sem grafin höfðu verið niður í gegnum eldri minjar og sums staðar niður í óhreyfða mold.

Í fyrstu voru grasrót og mól úr bílastæði fjarlægð með gröfu, sem og lag af rótuðum jarðvegi þar fyrir neðan, en þá tók við hefðbundinn fornleifauppgröftur þar sem grafið var í svonefndu einingakerfi (single context method). Sæmilega skýr mynd af leifum 20. aldar bæjarins komu í ljós þar fyrir neðan og stemmdi ágætlega við uppdrátt sem til var af bænum. Inn á milli þessara yngri minja og í sniðum í jaðri uppgraftarsvæðisins mátti sjá að þessar minjar höfðu verið grafnar niður í gegnum fjölda eldri minja. Það voru hins vegar mjög brota-kenndar leifar og ekki reyndist unnt að greina form eða aldur þeirra.

Undir 19.-20. aldar byggingaleifum kom hins vegar í ljós langeldur og gólf sem var minna raskað. Þetta gólf náði út að meintum setbekkjum til hliðanna en út úr sniðunum til beggja enda í norður og suður. Langhliðar voru ögn bogadregnar að þessum meintu bekkjum en ekki fannst nema brot úr hugsanlegum vegg tilheyrandi þessari byggingu. Af langeldinum og útlínunum gólfsins var talið að um skálabyggingu væri að ræða, en lengd og breidd var ekki hægt að staðfesta með vissu. Skálinn var a.m.k. 7 m langur og líklega ekki undir 10 m og líklega á bilinu 4,5-5 m breiður miðað við útlínur gólfsins. Langeldur var eins og áður segir fyrir miðju en í norðurhluta byggingarinnar voru að auki tvö smærri eldstæði sem báru þess merki að þar hafi verið smíðað úr járni. Í eldstæðunum var, auk kola, mikið af gjalli og sindurflögum en sinduragnir voru að auki í gólfinu umhverfis þessi eldstæði. Greining gjóskulaga og túlkun á afstöðu þeirra til skálans bentu til að hann væri frá því eftir 1000 en fyrir 1104.

Afar fáir gripir fundust í skálanum að gjalli undanskildu en auk þess fannst brot úr eldtinnu og við fleytingu kom í ljós klæðisbútur úr einni af stoðarholunum sem tilheyrðu skálanum. Gripir úr öðrum jarðlögum voru einkum gler og keramik, mest úr rótuðum jarðlögum en auk þess sleggjubrot úr steini, steinbrýni o.fl.

English Summary

The research at Hamar was conducted in connection with intentional construction work at the site, i.e. the farmer intended to extend the house on the farm which is situated right on top of the old farm mound. The excavation area was in all 122 m² with 120-130 cm thick layer of occupation remains extending to roughly 2/3 of the area. All of the archaeological remains had been disturbed either by consecutive buildings and occupation or later 20th century trenches for water and sewage.

The earliest mention of Hamar in written sources dates from the end of the 13th century. During preliminary investigation in May 2014 a test trench revealed occupation remains below a tephra layer dating to 1104 AD, establishing an occupation history at least back to the 10th century. However most of the archaeology was from a later date presumably the 18th-20th centuries and was partly dug down through most of the older remains and into undisturbed soil.

The topsoil and disturbed layers along with gravel from the parking lot were removed with an excavator. The subsequent archaeological excavation was carried out using the traditional single context method. A reasonable picture of the later phases of the turf built farmhouse complex emerged and could, to a large extent, be correlated with a 20th

century drawing of the house. Disturbed remains of older building phases were discovered in between these 20th century structures, but no form or definite dates could be deciphered from the archaeology.

Underneath the 20th century structures, remains of hearths and floor layers from an 11th century longhouse were discovered. Because of disturbance and limitation of the excavation area it is not clear how long or wide the building was exactly, we know it was more than 7 m long, presumably not under 10 m, and most likely 4,5 to 5 m wide in the middle. A doorway faced East near the north end of the longhouse and another doorway may also have been at the south end. It had a traditional central hearth with several building phases and two separate hearths in the northern part of the building, which were most likely used for smithing. They contained quite a lot of slag, charcoal bits and hammerscale. Hammerscale was also scattered in the surrounding floor layers.


Very few artefacts were found in the layers associated with the longhouse. Apart from slag in and around the smithing hearths, few pieces of slag were found in and near the central fire, along with pieces of flint. No other artefacts were found in the floors, all of which were sieved and partly floated. Piece of textile was, however, found during flotation of the fill in one of the postholes in the longhouse. Artefacts from later contexts included stone sledge, pieces of hone, but consisted mostly of glass and ceramics from disturbed layers.



Mynd 20. Horft yfir leifar ónefnds fornþýlis frá 10. - 11. öld í Þórðarhöfða. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.

4.5 Eyðibýli og afdalir Skagafjarðar VII áfangi - Skagfirska kirkju- rannsóknin

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagafjarðar
Rannsóknarnúmer: 2014050036/2014070014/2014050035	Númer Þjóms: 2014-18/2014-35
Staðsetning: A 485252; N 599491	Póstnúmer: 551 Sauðárkrúkur
Vettvangsrannsókn hófst: 15.7.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 4.8.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð aðferð



Rannsóknir sumarsins 2014 eru hluti af rannsóknum sem staðið hafa yfir í nokkur ár og miða að því að rannsaka og aldursgreina elstu landnámsminjar í Skagafirði. Rannsóknir sumarsins fólu í sér borkjarnatöku og könnunarskurði á fjórum stöðum og borkjarnatöku á átta stöðum. Teknir voru könnunarskurðir á Bjarnastöðum, Koti, Hrappsá og Flatatungu og var ætlunin að athuga hvort einhver merki kirkjugarða fyndust auk þess að staðfesta aldur byggðar. Hvergi komu fram óyggjandi niðurstöður um kirkjugarða en alls staðar var um að ræða fornar byggingaleifar. Á Koti og Bjarnastöðum var grafið í svæði sem voru nálægt því að vera hringlaga og höfðu greinilega verið sléttuð og umlukt garði. Á báðum stöðum kom fram að torf hafði verið notað til að slétta svæðið innan garðs sem líkist þeim ummerkjum sem fundist hafa í fornum skagfirskum kirkjugörðum. Engin ummerki fundust þó um grafir þannig að ekki var hægt að staðfesta hvort þarna væri um kirkjugarða að ræða. Hins vegar leiddi rannsóknin í ljós háan aldur þessara minja. Á Koti voru mannvirkin eldri en gjóskan frá 1104 og á Bjarnastöðum voru ummerki um byggð fyrir 1000. Á báðum stöðum komu fram vísbendingar um kolagerð eða einhvers konar umsýslu með kol en ekki var hægt að fullyrða hvernig vinnslu var um að ræða. Kirkjugarðs var einnig leitað á Hrappsá en þar virtist hálfhringlaga garður afmarka sléttuð svæði. Þar kom þó í ljós að garðlagið umhverfis svæðið var einungis uppmokstur, líklega frá því þegar svæðið var sléttuð. Engin merki komu fram um

grafir eða tilgang þessarar sléttunar en ljóst er þó að svæðið hefur verið sléttað áður en 1104 gjóskan féll. Í Flatatungu komu ekki fram óbyggjandi ummerki um kirkjugarð en hins vegar töluverðar byggðaleifar frá Landnámsöld. Rannsóknirnar, líkt og rannsóknir fyrir ára, leiddu í ljós byggð sem var miklu eldri en elstu ritheimildir gáfu til kynna. Á Þræstarstöðum, Spáná, Hrappsá og Koti komu fram vísbendingar um byggð fyrir 1104. Fornbýli í Þórðarhöfða var í byggð fyrir 1104 en fornbýlið Höfðagerði var frá 12. öld, komið í eyði fyrir 1300. Ekki fundust óbyggjandi ummerki um byggð á Eyjólfsgærði í landi Ár í Unadal en túngarður hefur þó verið reistur eftir 1104 og aflagður fyrir 1300. Á Húsanesi í Þórðarhöfða voru lítilsháttar ummerki um mannvist eftir 1104 en engin merki lengri byggðar. Á Lambaréttum í landi Ljótsstaða voru engin ummerki um byggð en ljóst er að eldri garðar og réttir eru frá því eftir 1104. Á Þræstarstöðum og Enni komu fram ummerki um byggð frá því fyrir 1104 en á báðum stöðum gerðu seinni tíma byggingar og túnasléttun rannsóknir erfiðar.

English Summary

The research is a part of an ongoing collaboration project which is aimed at surveying and dating the earliest settlement remains in Skagafjörður. In the summer of 2014, 12 places were archaeologically examined in the Skagafjörður region, North Iceland. Twelve places were examined, eight by systematic soil coring, four by test trenches.

The results were as follows:

1. Bjarnastaðir in Unadalur: pre-AD1000.
2. Enni: pre-AD1104.
3. Eyjólfsgærði in Unadalur: pre-AD1300.
4. Hrappsá, Deildardalur: pre-AD1104.
5. Húsanes in Þórðarhöfði: post-AD1104
6. Höfðagerði on Höfðaströnd: pre-AD1300.
7. Kot in Deildardalur: pre-AD1104.
8. Lambaréttir in Unadalur: post-AD1104 pre-AD1766.
9. Þrælsgerði in Þórðarhöfði: pre-AD1104
10. Spáná in Unadalur: pre-AD1104
11. Þræstarstaðir on Höfðaströnd: pre-AD1104
12. Flatatunga on Kjálki: pre-AD1104

The dates acquired for most of these sites added considerably to the known settlement history of the associated farms.


5. Norðurland eystra



Mynd 21. Hluti öskuhaugs Staðartungu. Ljósmynd: Yuko Shiratori.

5.1 Gásir Hinterland Project - Rannsókn á öskuhaugum í Hörgárdal

Leyfishafi: Ramona Harrison	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2008080011	Númer Þjóms: 2014-23
Staðsetning: A 524874; N 575067	Póstnúmer: 601 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 30.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 25.7.2014
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Rannsóknarverkefnið Eyjafjörður Ecodynamics/Gásir Hinterland Project Plus er hluti af umfangsmikilli rannsókn sem beinist að baklandi Gása í Eyjafirði með sérstakri áherslu á Hörgárdal og Öxnadal. Tilgangurinn er að varpa skýrara ljósi á umsvif Gásakaupstaðar sem og gagnvirk tengsl verslunarstaðarins við bakland sitt og efnahag svæðisins í heild. Sumarið 2014 var grafið á tveimur stöðum: Oddstöðum og Staðartungu.

Oddstaðir: Rannsóknin á Oddstöðum 2014 fólst í því að stækka könnunarskurð sem þar var grafinn 2009. Kannað var svæði sem var 1 x 4 m að stærð og var við austurjaðar skurðarins frá 2009. Þar komu í ljós sorplög sem voru frá því eftir 1300 og einnig eldri minjar. Eitt af markmiðunum með frekari rannsókn á Oddstöðum var að safna efni úr sorphaugum sem væru yngri en frá 14. öld. Geislakolsgreiningar sem gerðar verða á efnivið frá þessum stað mun væntanlega gefa nákvæmari tímasetningu á yngri lögunum. Skráð voru átta fundanúmer og 23 pokar með dýrabeinum.

Staðartunga: Sorphaugur sem tilheyrir býlinu Staðartungu var staðsettur og grafið í hann. Hann er sennilega frá því fyrir 1100 og fram til nútíma (brot úr rúðugleri), eftir því sem ráðið verður af borkjörnum.

Tekinn var könnunarskurður í sorphauginn, 1 x 3 m. Aðeins vannst tími til að grafa upp lög yngri en 1300. Þennan sorphaug mætti rannsaka betur síðar. Skráð voru fimm fundanúmer og 12 þokar með dýrabeinum.

English Summary

The project Eyjafjörður Ecodynamics/Gásir Hinterland Project Plus is a part of an extensive research that aims at shedding light on the relationship between the medieval trading place at Gásir and its hinterland, especially in Hörgárdalur and Öxnadalur. The project also looks at the economy of the area in whole. In the summer of 2014 excavation was carried out on two sites: at Oddstaðir and Staðartunga.

Oddstaðir: The 2014 Oddstaðir midden excavation consisted of the extension of the trench excavated there in 2009. An area of 1 m by 4 m located at the eastern edge of the 2009 trench revealed midden materials from post AD 1300 as well as earlier remains. One of the goals for revisiting the Oddstaðir site was to collect midden materials more recent than the 14th century. Planned C14 dates are expected to provide a more accurate date for the youngest deposits.

Staðartunga: Location and testing of midden remains associated with the Staðartunga farm, potentially dating from early modern (window glass) to pre-AD 1100 as indicated by core profiles.

The midden materials were excavated from a trench the size of 1 m by 3 m. Due to time constraints, only materials from AD 1300 and later were removed. This midden is a potential target for future excavation.



Mynd 22. Oddstaðir, nýtt snið. Ljósmynd: Aaron Kendall.



Mynd 23. Loftmynd af uppgrافتarsvæðinu á Skugga, tekin með flygildi. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

5.2 Víkingaaldarbygging á bæjarstæði Skugga í landi Staðartungu í Hörgárdal

Leyfishafi: Ramona Harrison	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014070010	Númer Þjóms: 2014-24
Staðsetning: A 523916; N 573958	Póstnúmer: 601 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 30.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 25.7.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Uppgröfturinn í Skugga 2014 beindist einkum að því að ljúka við að fjarlægja það sem enn var eftir af sorplögum í lítilli tóft frá víkingaöld og grafa upp mannvistarlög sem vitnuðu um notkun byggingarinnar áður en hún var fyllt af rusli. Haldið var áfram að grafa í skurð 1 sem gerður var í sorphaug. Á honum var byrjað 2008, haldið áfram 2013 og lokið 2014. Grafið var ofan af tóft, sem talin var frá 10.-11. öld, og hún rannsökuð í heild með uppgrefti. Rannsóknarsvæðið var stækkað í 8 x 7 m og þannig var tekið ofan af byggingu sem líklega er frá 9./10. öld. Geislakolsgreining sem áður hafði verið gerð á beini úr stórgrip hafði gefið vísbendingu um að neðstu sorplögin væru frá 10. öld. Úrvinnslu er ekki lokið, en þau lög sem rannsökuð voru 2014 sýna að mannvirkið hefur verið í notkun fyrr, eða á seinni hluta 9. aldar. Í vestari hluta könnunarskurðarins TR1 mátti sjá annað mannvirki. Tveir könnunarskurðir til viðbótar voru grafnir. TR4 var 2,5 x 3 m og TR 5 var 1 x 2 m.

Skráð voru 73 fundanúmer auk 88 poka með dýrabeinum.

English Summary

The Skuggi 2014 excavation was primarily concentrated on completion of emptying the remaining midden materials from the small Viking Age ruin and to fully excavate the cultural remains attesting to human activity in the structure prior to it being filled with household garbage. Continuation of the work on midden trench 1 that was found and begun in 2008, continued in 2013, and completed in 2014. The extents of a ruin from the 10th to 11th century were fully revealed and excavated. The trench was extended to a total of 8 m by 7 m, thus exposing the entirety of the 9/10th century structure. Previous C14 dates from terrestrial mammal bones suggested a 10th century date for the basal midden layers. With more analysis still underway, the 2014 deposits reveal an occupation date as early as the late 9th century. A second structure was located in the western part of TR 1. Two new test trenches were dug. TR 4 was 2,5 m by 3 m and TR 5 was 1 m by 2 m.



Mynd 24. Innbærinn á Akureyri. Yfirlitsmynd, uppgröftur í gangi. Ljósmynd: Ármann Guðmundsson.

5.3 Frumdægur Akureyrar

Leyfishafi: Ármann Guðmundsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2014070048	Númer Þjóms: 2014-37
Staðsetning: A 5420210; N575288	Póstnúmer: 600 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 15.8.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 17.8.2014
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið vettvangsrannsókna í Innbænum sumarið 2014 voru eftirfarandi:

1. Finna og rannsaka þær mannvistarleifar sem liggja líklega undir þeim húsum er brunnu 1912.
2. Taka sýni úr mannvistarlögum sem liggja undir 1912 með frekari rannsóknir í huga á svæðinu.
3. Kynnast jarðlögnum í Innbænum betur með frekari rannsóknir í huga. Ljóst er að fyrstu tvö markmiðin náðust ekki. Skurðurinn sem grafinn var reyndist ekki geyma þær mannvistarleifar sem verkefnistjóri taldi. Engin heil mannvistarlög fundust í skurðinum sem tengja mætti við þau mannvirki sem voru á svæðinu og brunnu 1912. Þau mannvistarlög sem fundust voru mjög hreyfð og gripirnir sem í þeim voru gætu hafa komið hvaðan sem er. Ástæðurnar fyrir þessu eru hugsanlega þær að svæðið hafi verið hreinsað, sléttað og efni borið yfir það eftir brunann. Skráð voru 18 fundanúmer.

English Summary


The short term goals, to find and research the remains of houses that burnt down in 1912 and sample older archaeology on the site, were not met due to the nature of the cultural layers excavated. The structure, thought to have been there, was not present. The layers in the trench were quite disturbed and mixed due to extensive development in the area after the burn of 1912. All the artefacts are from the 19th-20th century.



Mynd 25. Ingiríðarstaðir í Þegjandadal. Grafir eftir uppgröft, horft í norður. Ljósmynd: Howell Magnus Roberts.

5.4 Ingiríðarstaðir í Þegjandadal. Rannsókn á kumlateig

Leyfishafi: Howell Magnus Roberts	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2007070008	Númer Þjóms: 2014-36
Staðsetning: A 575250; N 588300	Póstnúmer: 641 Húsavík
Vettvangsrannsókn hófst: 4.8.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 15.8.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Sumarið 2014 var farið á Ingiríðarstaði til að halda áfram rannsóknum á kumlateig, sem hófust árið 2008. Að þessu sinni var eitt samfellt rannsóknarsvæði, 80 m² að stærð, opnað til hliðar við eldri rannsóknarsvæði, með það fyrir augum að afhjúpa grunsamlega þúst sem talin var vera kuml. Reyndist þetta vera rétt og fundust tvær grafir. Innihélt önnur (sú nyrðri) leifar af hrossbeinagrind og nokkuð af járngrípum, en í hinni (þeirri syðri), fundust engin bein. Þar fannst þó einn gripur úr víði og brónsi ásamt nokkrum járnöglum. Tvær tennur úr manni og hugsanlegt brot af höfuðkúpu fundust þó rétt utan við syðri gröfina. Fjórar grjótfylltar stoðarholur fundust svo umhverfis syðri gröfina.

English Summary

In the summer of 2014 excavation into a pre-Christian grave field at Ingiríðarstaðir, which has been going on since 2008, was continued. This time an area of 80 m² was opened as a single continuous area, adjoining previous excavation areas. This targeted a surface anomaly, thought likely to be a disturbed grave.

This proved to be the case. Two adjacent grave cuts were excavated, one containing poorly preserved horse bones and a number of iron objects (north) the other containing no bone, but with a composite wood/bronze object along with iron studs/nails (south). Two human teeth and a possible fragment of skull were recovered just outside of the southern grave. Four largely stone packed postholes were discovered and excavated around the southern 'human' grave.



Mynd 26. Hofstaðir við lok uppgrafar sumarið 2014. Horft í vestur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

5.5 Hofstaðir í Mývatnssveit. Rannsókn á kirkjugarði

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2002070019	Númer Þjóms: 2014-33
Staðsetning: A 584670; N 568968	Póstnúmer: 660 Mývatn
Vettvangsrannsókn hófst: 22.7.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 13.8.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Meginmarkmið rannsóknarinnar, sem spannar nokkur ár, er að gera heildstæða rannsókn á kirkju og kirkjugarði frá miðöldum, með það fyrir augum að auka bæði þekkingu á byggingatækni og notkun kirkna á miðöldum og á greffrunarsíðum á sama tíma. Skipta má meginniðurstöðum vettvangsrannsóknar ársins í tvo meginþætti: grafir og svæðið sunnan kirkjugarðs.

Grafir: í lok sumars 2013 var farið að glitta í grafir, en þó voru nokkur jarðlög sem átti eftir að fjarlægja áður en hægt var hefjast handa við uppgröft á gröfum. Reyndust þær vera mun fleiri en áætlað hafði verið í lok sumars 2013, eða um 40. Lokíð var við uppgræfti á 11 gröfum nyrst á núverandi uppgrafarsvæði. Þar var að finna fjóra fullorðna einstaklinga, fjögur börn og þrjú nýbura. Þær grafir sem eftir eru virðast flestar vera barnsgrafir, þannig að það lítur út fyrir að suðurhluti kirkjugarðsins hafi að mestu verið ætlaður börnum, en nú þegar hafa rúmlega 40 nýburagrafir verið grafnar upp beint sunnan við kirkjuna. Grafirnar eru allar frá því milli 940 og 1300.

Svæði sunnan kirkjugarðs: í suðvesturhorni uppgrafarsvæðisins, utan kirkjugarðsins, komu í ljós fimm soðholur og a.m.k. þrjú eldstæði, sem hægt er að tímasetja á milli 1410 og 1477. Var lokið við að grafa upp þrjár soðholur og tvö eldstæði.

English Summary

The main aim of the project, which spans a few years, is to conduct a research on a medieval church and cemetery in order to expand our knowledge of the building techniques and use of medieval churches as well as the burial traditions of the time. The results of the 2014 season can be split in two: burials and the area south of the cemetery.

Burials: By the end of the 2013 season some of the grave-cuts were visible. There were a few overlying units which had to be removed before their excavation could start. Once this had been done, it became clear that there were more burials in the area than had been estimated at the end of the 2013 season, or approximately 40 in total. 11 of these burials were excavated during the 2014 season in the northern most part of the excavation area. This included four adults, four juveniles and three neonates. The unexcavated burials appear to be mostly juvenile burials, so it would seem that the southern-part of the cemetery was mainly reserved for children, to date there have been more than 40 neonatal skeletons excavated from immediately south of the chapel. All the burials in the cemetery can be dated to between 940 and 1300.


Area south of the cemetery: The southwestern corner of the excavation area, outside the cemetery boundary, revealed at least five cooking pits and three hearths, which can be dated to between 1410 and 1477. Three of the cooking pits and two of the hearths were excavated during the 2014 season.



Mynd 27. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu Álftagerði í Mývatnssveit. Mynd: Ramona T. Harrison.

5.6 Borkjarnasýnataka og könnunarskurðir á níu jörðum í Mývatnssveit til að staðsetja öskuhauga

Leyfishafi: Megan T. Hicks	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014070015	Númer Þjóms: 2014-40
Staðsetning: A 590114; N 564880	Póstnúmer: 660 Mývatn
Vettvangsrannsókn hófst: 10.8.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 20.8.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð aðferð



Markmið rannsóknarinnar er að leita að og staðsetja leifar öskuhauga við valda bæi í Mývatnssveit. Rannsóknin er forrannsókn. Rannsóknir fóru fram á eftirfarandi stöðum: Álftagerði, Haganesi, Helluvaði og Kálfaströnd. Varðveisla á Kálfaströnd og Haganesi var mjög góð þar sem bein og önnur lífræn efni fundust í góðu ástandi. Á Helluvaði var varðveisla beina hins vegar slæm. Að Helluvaði undanskildu benda staðirnir því til þess að þeir gætu hentað vel til rannsókna í framtíðinni,

Skráð fundanúmer: Álftagerði 53, Haganes 60, Helluvað 32, Kálfaströnd 165.

English Summary

The goal of the research is to look for and locate middens in the vicinity of specific farms in Mývatnsveit. The research is a pilot study.

The following sites were sampled: Kálfaströnd, Álftagerði, Helluvað and Haganes. After locating the general area of interest, we used an Oakfield soil corer to view the subsurface deposits in the vicinity. Each core's location was noted on its transect. These were later recorded with a digital GPS at high accuracy. Each stratum of the core was also recorded through written interpretation of the deposits. The core descriptions and locations were digitized. Although the last 500 years approximately were the focus, test trenches were carried out to the bedrock in order to uncover the complete present sequence of archaeological remains in any given location (except at Haganes). Preliminary hypotheses concerning chronologies are achievable in part thanks to the excellent preservation of dateable volcanic tephra layers in Mývatn. Both tephras and familiar artefact types are used preliminarily to describe the chronological phasing of the midden deposits that were tested. Test trenches were generally smaller than 2 meters x 1 meter, as the desired outcome of this phase involves information recovery and not necessarily the recovery of large samples of material to study. Particularly, we were interested in finding household refuse disposal areas with well-preserved animal bone. 100% of the soils were sieved through 4 mm mesh and all artefacts were recovered and recorded. All bone was recovered and recorded and environmental samples for dating were recovered.

Results demonstrated excellent preservation of faunal remains at Kálfaströnd where bone, wood and cloth were preserved and at Haganes where in addition to animal bone, very delicate materials such as eggshell and fish otoliths were well preserved. At Álftagerði, anthropogenic deposits bearing bone and artefacts were found post-dating the hypothesized Veidivötn 1477 tephra however, only dispersed refuse (sheet midden) material was recovered. While Helluvað's deposits suggested continuous activity between the landnám sequence and modern contexts bone was very poorly preserved. Aside from Helluvað, these sites present very promising places for future excavations that will enhance our understanding of the region after the middle ages. The deposits encountered, excavated and sampled also demonstrate the diversity of conditions of preservation of household refuse in Mývatn and especially the heterogeneity of infield and domestic area deposits and the impact of human settlement on producing the subsurface condition as they range from shallow silts to deep clayish soils with significant turf building structural debris.



Mynd 28. Kumlabrekka í landi Geirastaða. Ljósmynd: Árni Einarsson.

5.7 Kumlabrekka á Geirastöðum

Leyfishafi: Adolf Friðriksson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2010060027	Númer Þjóms: 2014-34
Staðsetning: A587805; N 568506	Póstnúmer: 660 Mývatn
Vettvangsrannsókn hófst: 2.8.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 8.8.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur




Rannsókn á Geirastöðum miðaði að því að kanna fjölda kumla og leita annarra mannvirkja, s.s. mögulegs gerðis utan um teiginn, eða annarra bygginga sem varða greftrunarstaðinn.

Á yfirborði má sjá dokkir á um 10 stöðum. Við fyrri uppgröft (2010) var staðfest með profuskurði að ein þeirra væru leifar kumls. Var skurðurinn opnaður á ný og þversnið teiknað. Grafnir voru profuskurðir í sex dokkir, en þær reyndust allar vera náttúrulegar. Alls voru skráð fjögur fundanúmer.

English Summary


The aim of the excavation was to test impressions in Kumlabrekka, which look like disturbed burials. One had previously been partially excavated (2010) and confirmed to be a grave. That test trench was reopened and recorded. Test trenches were dug into six other impressions, but they all turned out to be natural.



Mynd 29. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið á Bakka. Mynd: Oddgeir Isaksen.

5.8 Bakki á Tjörnesi

Leyfishafi: Oddgeir Isaksen	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2012080012	Númer Þjóms: 2013-86
Staðsetning: A 574851; N 620139	Póstnúmer: 640 Húsavík
Vettvangsrannsókn hófst: 2.8.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 8.8.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Framhald rannsókna frá hausti 2013. Alls voru grafnir fjórir könnunarskurðir í fornleifar á fyrirhugaðri iðnaðarlóð á Bakka á Tjörnesi (svonefnd PCC-SE lóð). Þrír skurðir (SK-312075G, H og I) voru grafnir þar sem sést hafði skuggi á loftmynd. Talið var að þar væri að finna framhald garðlags (SP-312:075) sem sýnilegt var á yfirborði á svæði rétt austur af rannsóknarsvæðinu, og var rannsakað með könnunarskurðum árið 2012 (SK-312075 A, B og C). Meginniðurstöður úr skurðunum 2012 voru þær að garðlagið hafi verið hlaðið eftir 940 þar sem torfhleðslurnar innihéldu veiðivatnagjóska V-940. Garðlagið hafði verið fallið vel fyrir 1477. Í skurðum G og H kom svo í ljós að garðlagið virtist sitja á sama yfirborði og gjóska úr Grímsvötnum frá því um 800, en samhengið við hana gefur kost á að örlítið þrengri aldursgreiningu, þ.e að garðlagið hafi verið hlaðið rétt eftir að V-940 gjóskulagið féll. Í skurði I voru engin merki um garðlagið. Einn skurður (SK-313193) var grafinn þvert í gegnum hringlaga þúst (SP-313-193), um 3 m í þvermál, með djúpri dæld í miðju, um 1-1,5 m að stærð og 0,8 m að dýpt, sem var staðsett um 230 m suður af áður nefndri iðnaðarlóð. Þar má finna fjölda kartöflugarða frá 20. öld. Reyndist um að ræða holu með upp-mokstri í kring sem að líkindum hefur þjónað hlutverki ruslaholu í tengslum við starfsemi í kartöflugörðum í nágrenninu, enda var holan fyllt ýmsu rusli frá 20. öld. Var holan grafin í gegnum V-1477 gjóskuna og því greinilega yngri en hún.

Þykir ruslið sem fannst í henni jafnframt benda til þess að hún hafi verið grafin á 20. öld.

English Summary

In total, four test trenches were excavated in a proposed industrial area at Bakki in Tjörnes (the so called PCC-SE site) in 2014.

Three trenches (SK-312075G, H and I) were dug where a shadow had been seen on an aerial photograph, which was thought to be a continuation of 10th to 12th century boundary wall, previously investigated in 2012 (trenches SK-312075 A, B and C). The wall was visible on the surface east of the current research area. In 2012 the main results were that the boundary wall was built post 940 AD since its building material (turf) contained bands of a tephra that has been dated to 940 AD (V-940 tephra) and before 1477 AD since it was underlying an in situ tephra (V-1477). The V-1477 tephra was quite high in the stratigraphical sequence, separated from the wall by a number of turf collapse deposits and aeolian deposits. Therefore the wall was thought to have been constructed well before 1477, possibly in the 12th century at the latest. In trenches G and H the wall was also seen sitting right on top of an in situ tephra that has been dated to about 800 AD (Grímsvötn 800 AD), which possibly allows for a slightly narrower interpretation of the date of the wall. It is now thought to have been built just after the V-940 tephra was deposited, or in 10th to 11th century. No traces of the wall were seen in test trench SK-312075 I.

One test trench (SK313193) was dug through a positive circular feature, 3 meters in diameter and about 0,3 m high with a depression in its center, 1x1,5 m and 0,8 m deep. This feature was located about 230 m south of the previously mentioned industrial area (the PCC-SE plot) in an area where a number of 20th century vegetable gardens are located. The feature turned out to be composed of up-cast from a hole, postdating the V-1477 tephra, which was filled with late 20th century garbage. The hole was therefore interpreted as being a 20th century garbage hole associated with the neighbouring vegetable gardens.



Mynd 30. Svalbarð. Mynd tekin í SV af svæði 2. Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.

5.9 Fornleifarannsóknir í landi Svalbarðs í Þistilfirði

Leyfishafi: Guðrún Alda Gísladóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2008050034	Númer Þjóms: 2014-22
Staðsetning: A 650985; N 640353	Póstnúmer: 681 Þórshöfn
Vettvangsrannsókn hófst: 3.7.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 19.7.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Frá 2008 til 2014 hafa staðið yfir rannsóknir á Svalbarðstungu í Þistilfirði. Svalbarðsverkefnið er áfangaskipt. Sá hluti verkefnisins sem lauk 2014 var þriðja og síðasta vettvangsarannsóknar sem fékk styrk frá kanadíska rannsóknarsjóðnum árið 2012. Snýst rannsóknin um það að kanna landnýtingu höfuðbýlis og samband milli þess og afbýla (hjáleiga og selja). Svalbarð í Þistilfirði er fornt höfuðból og kirkjustaður og er hreppurinn kenndur við bæinn. Svalbarðsland er á Svalbarðstungu, gríðarmiklu svæði sem nær um 30 km frá sjó og fram til fjalla. Svalbarðstunga afmarkast af Svalbarðsá í vestri og Sandá í austri, og er tungan um 6 km breið að jafnaði. Jörðin er talsvert minni í dag því nokkrar sjálfstæðar jarðir hafa byggst út úr jörðinni á sl. 150 árum eða svo, sennilega upp úr seljum, afbýlum og hjáleigum. Svalbarð er talinn ákjósanlegur kostur fyrir rannsóknir af því tagi sem hér eru stundaðar því hún er ein landstærsta jörð á Íslandi og á henni margar hjáleigur og sel.

- Bægistaðir: könnunarskurður. Grafinn hluti öskuhaugs. Eftir c. 1800. 33 fundanúmer.
- Svalbarð: grafinn hluti öskuhaugs. Spannar tímabilið frá því fyrir ~940-c. 1900. Helstu fréttir að hægt var að greina ~940 gjóskulag í haugnum. 75 fundanúmer.
- Brekknakot: könnunarskurður. Greinileg mannvist löngu fyrir 1300. 11 fundanúmer.

- Kúðá: áframhald rannsóknar frá 2013. Leiddi í ljós ítarlegri upplýsingar um þróun húsakosts á staðnum. Ummerki um mannvist löngu fyrir gjóskulagið 1300, geislakolsaldursgreining á koli sýnir ummerki mannvistar frá því fyrir 1000. Níu fundanúmer.
- Svalbarðssel: merki um mannvist í nágrenninu fyrir 1300. 38 fundanúmer.
- Mannvirki nálægt Fjallalækjarseli: könnunarskurður í fornlegar minjar. Áfokslög greinileg milli mannvistarlaga. Talið vera sel. Eitt fundanúmer.

English Summary

From 2008 to 2014, Svalbarð has been the subject of renewed archaeological research by a collaborative team of researchers from Fornleifastofnun Íslands and Université Laval, Québec, Canada. In 2008, the midden of Svalbarð's central farm was reopened to re-examine its complex stratigraphy and to refine its dating. Work conducted since 2009 has concentrated on the identification and evaluation of the outlying components of the very extensive Svalbarð estate, Svalbarðstunga. The territory historically attributed to the estate comprises 120 – 150 km², depending if the interior commons south of Svalbarðsnúpur is included or not. The project's operational presupposition is that auxiliary farm sites scattered over Svalbarðstunga represent essential elements of the Svalbarð's farming economy and are critical for understanding its economic history in terms of modes of land use and strategies of economic production, such as the use of central and outlying pastures and resources. The auxiliary farm sites are indispensable for the reconstruction of the social history of the Svalbarð estate as the major farm and hub of its eponymous district.

- Bægistaðir: Test trench. Midden investigation. Date c. post 1800.
- Svalbarð: Test trench. Midden investigation. Spans the period from before ~940-c. 1900.
- Brekknakot: Test trench. Occupation long before 1300.
- Kúðá: Ongoing research from 2013. More information about the structural sequence at the site. C14 dates on charcoal suggest human activity from before 1000 AD.
- Svalbarðssel: Human activity nearby before 1300.
- Structure near Fjallalækjarsel. Test trench. Seasonal activity detected, aeolian sand between occupational deposits. Considered a shieling site.



Mynd 31. Svalbarðssel. Mynd tekin í vestur. Ljósmynd: Stefán Ólafsson.


6. Austurland



Mynd 32. Yfirlitsmynd af uppgreftri í landi Kirkjubóls, Norðfirði. Horft í vestur. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson.

6.1 Útihúsatóft í landi Kvíabóls, Norðfirði

Leifshafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2013060041	Númer Þjóms: 2014-14
Staðsetning: A 741545; N 523364	Póstnúmer: 740 Neskaupstaður
Vettvangsrannsókn hófst: 2.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 10.6.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Tilgangur rannsóknarinnar var að grafa í heild sinni leifar 10.-11. aldar úti-húss/húsa og heytóftar sem rannsökuð voru með könnunarskurði sumarið 2013 í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.

Uppgröftur sumarsins staðfesti nokkurn veginn niðurstöður undangenginna rannsókna, fornleifaskráningar og könnunarskurða, á svæðinu. Alls fundust leifar þriggja byggingarskeiða. Efst voru leifar heytóftar sem hefur verið í notkun á seinni hluta 19. aldar og e.t.v. fram á þá 20. Tóftin var hlaðin upp með torfi sem hefur verið tekið umhverfis hana. Hún lá ofan á gjóskulagi frá 1875 og voru þykkar linsur af gjóskunni í torfinu auk torfleifa úr eldri byggingum sem grafið hefur verið ofan í þegar torfið hefur verið tekið. Heystæðið var einföld smíði, einungis upphlaðinn torfbunki sem hey hefur verið lagt ofan á til geymslu og til að forða því frá bleytu.

Undir heytóftinni voru einsleit moldarlög sem í voru tvö óhreyfð gjóskulög. Efra gjóskulagið var úr Veidivötnum 1477 en það eldra var 1362. Undir 1362 laginu komu svo í ljós leifar tveggja bygginga. Um 1-3 m þykkt moldarlag lá á milli gjóskunnar og hruns úr yngri byggingunni. Yngri byggingin hefur því mögulega verið hrúnin þegar á 13. öld. Hún virðist hafa verið tvískipt: smærri hólf norðanvert um 2x2 m að innanmáli og stærra hólf sunnan við um 3-3,5 m. Dyr

hafa verið á stærra hólfinu til suðurs. Austurhlíð stærra hólsins hafði að hluta verið raskað þegar torfið var tekið í heytóftina. Innri brún veggja yngri tóftarinnar var með einfaldri grjótlögn en annars var hún úr torfi sem í voru þykkar linsur af Landnámslaginu. Tóftin líktist einna helst stekk eða lítilli rétt.

Eldri tóftin var annarrar gerðar. Hún hefur að hluta til verið niðurgrafin en torfveggir reistir á bökkum niðurgraftarins. Tóftin var niðurgrafin um 50 cm norðan til en um 30 cm austan til. Hún hefur legið NNV-ASA. Rask af völdum yngri tóftarinnar olli því að ekki var hægt að greina nákvæmlega hvað hún hefur verið löng en niðurgrafið gólfið benti til að hún hefði verið um 8-9m löng og tveggja metra breið. Þegar yngri tóftin var reist hefur þaki og veggjum eldri tóftarinnar verið rutt um ofan í niðurgrafið gólfið til að slétta undir fyrir yngri tóftina.

Einhvers konar niðurgröftur sem fylltur hefur verið með torfi í norðurenda kann að vera leifar dyra, en það verður þó ekki fullyrt. Engin eiginleg góflög fundust í tóftunum en ljós trefjarík lög var að finna í torfrótinu og kunna að vera leifar gólfs, þá líklega úr hlöðu eða einhvers konar skepnuhúsi. Engin ummerki fundust um að menn hefðu hafst við í húsunum. Eldri tóftin kann einnig að hafa verið stekkjartóft, eða einhvers konar útihús. Aldur tófta gæti verið einhvers staðar á bilinu 11.-13. öld.

English Summary

The aim of the research was to excavate completely the remains of a 10th/11th century out-house/houses and a corral in connection with intended construction work in the area. In the summer of 2013 test trenches had been dug into these structures but they had to be researched further.

The excavation revealed three phases of usage. The latest phase was a 4x6 m flat-topped mound of turf intended for the storage and safekeeping of hay and two earlier phases of animal barns (probably for sheep) and a small corral. The youngest building phase post-dated a distinctive tephra layer from AD 1875. The two phases of sheep barn and corral had fallen into disuse before the tephra dated to AD 1362 fell. The older building phase was a sunken feature around 8-9 m long, 2 m wide and 50 cm deep. Turf walls had been built on the edges of the cut, meaning that less turf had to be used for the construction of the building which had most likely been used for housing sheep. The turf walls had collapsed or been intentionally pushed inwards in order to fill the dugout area, making a level floor for a new structure which consisted of a corral 4x3 m in size with a smaller attached structure, 2x2,2 m in size. This later structure had in part been damaged when turf was cut for the construction of the hay storage mound. The younger feature looks like a small sheep pen (stekkur) used in the spring to separate the lambs from the ewes when they were milked. No evidence of human habitation was found, nor distinct floor layers.

The two older structures may date to the 11th-12th centuries AD, but had already fallen into disuse sometime in the 13th century.

7. Suðurland



Mynd 33. Uppgröfturinn á Gröf í Skaftártungu (skurður A) á lokadegi uppgrافتar. Ljósmynd: George Hambrecht.

7.1 Fornleifarannsóknir í Skaftártungu

Leyfishafi: Elín Ósk Hreiðarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2013060036	Númer Þjóms: 2014-13
Staðsetning: A 521621; N 363564	Póstnúmer: 880 Kirkjubæjarklaustur
Vettvangsrannsókn hófst: 2.6.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 25.6.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar er að aldursgreina og átta sig á eðli byggðar í Skaftártungu í tengslum við eldgos og aðra umhverfisþætti. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem hefur það að markmiði að nota gjóskulög, uppsöfnun þeirra og varðveislu til að kortleggja gróðurfar fyrri alda og kanna hvort hægt sé að spá fyrir um hættumerki hvað varðar gróður- og landeyðingu.

Aðaluppgröftur sumarsins fór fram á Gröf í Skaftártungu. Þar var fyrst opnaður skurður (A) sem var 3x2 m stór en hann var síðan stækkaður (3x2 m) til norðurs. Uppgröfturinn leiddi í ljós öskuhaug og voru mannvistarlög aðgreind með nokkrum þykkum og greinilegum gjóskulögum (sem greind voru af gjóskulagafræðingum). Öskuhaugurinn skiptist því í nokkra fasa og nær yfir tímabilið frá því um aldamótin 1600 og fram á síðari hluta 19. aldar. Stærstur hluti dýrabeinanna og gripanna voru hins vegar í fasa sem safnast hafði upp milli 1625 og 1755. Stærstur hluti dýrabeinanna voru brennd og mjög smá. Sum stærri beinanna voru í slæmu ástandi þar sem sýrustig jarðvegsins var frekar hátt og eins hækkaði rakastig jarðvegsins eftir því sem neðar dró og hafði það áhrif á varðveisluskilyrði beina. Talsvert af dýrabeinum fannst samt, þ.á.m. talsvert af hvalbeinum. Af þeim gripum sem fundust voru gripir úr málum mest áberandi (járnnaclar, hnífsblöð, hnappar, krækjur og aðrir fylgihlutir fatnaðar) en einnig

fannst talsvert af brýnum og einstaka leirkersbrot. Lítil skófluskurður var tekinn nærri öskuhauginum (skurður B) til að kanna hvort frekari leifar af öskuhaugi reyndust þar en niðurstaðan var að svo væri ekki.

Samhliða rannsókn á öskuhaug í Grafarlandi voru skurðir teknir í garðlög og rústir á þremur stöðum, í þeim tilgangi að aldursgreina rústirnar og kanna vísbendingar um hlutverk þeirra. Niðurstöður skurðgraftar voru þær að allir staðirnir þrjú sem kannaðir voru væru byggðir eftir að gjóska úr Eldgjá féll árið 934. Allir átta staðirnir það líka sameiginlegt að þeir virðast byggðir mjög skömmu eftir gosið og hvergi var um raunverulega uppsöfnun á milli Eldgjárgjósku og mannvirkja. Á tveimur af stöðunum (Mosholti og í Kóragili) fundust leifar af gjósku úr Heklu frá 1104 og í báðum tilfellum var gjóskan yfir hrúni úr mannvirkjunum og virtust þau því komin úr notkun fyrir þann tíma. Á þriðja staðnum fundust ekki leifar af umræddri Heklugjósku en þar fundust greinileg merki um gjósku frá 1206 sem var talsvert langt yfir hrúnlögum og virtist garðlagið úr notkun þegar það fellur. Á Mosholti og Kóragili, þar sem grafið var í byggingar var ekki að sjá greinileg ummerki um langa notkun eða endurbyggingu en ákveðið var að fjarlægja ekki góflög eða veggi og því var ekki endanlega úr því skorið. Á Stekkjarholti þar sem grafið var í vallargarð mátti sjá að hann hafði verið endurnýttur í kringum 1400 þegar byggt var ofan á hann.

English Summary

The research aims at dating and studying the nature of the settlement in Skaftártunga in connection with volcanic eruptions and other environmental factors. The research is a part of a bigger project aiming at using tephra-layers, their build-up and preservation to map vegetation in the past and figure out if warning signs of vegetation and soil erosion can be predicted.

The main excavation of the summer of 2014 took place at the old farm mound at Gröf where a midden was located in the summer of 2013. Originally a trench (A) of 3x2 m was dug, but it was later extended further by 2x3 m north. The trench exposed midden contexts from the early 19th century down to the late 16th century. The bulk of the animal bone and artefact material came from contexts that were found between the Katla 1755 and Katla 1625 tephra layers. The great bulk of the bone material was burnt and fragmented. The bone that survived was in very bad shape due to marginal pH levels and high levels of moisture that increased as the trenches got deeper. This will be an interesting, if flawed, bone assemblage none the less. Few objects were recovered during the excavation, most common were metal objects such as iron nails, knives and clothes accessories such as copper buttons and hooks, although some whetstones and occasional pottery fragments were found. A small shovel test (trench B) was taken close to the farm mound to explore if further midden could be found there but no remains of midden were found.


Alongside the midden trench at Gröf trenches were taken into a boundary and two structures within the property of Gröf and Búland. The aim was to date the structures and explore possible usage. The results of all three trenches were that all the structures were built on top of Eldgjá tephra from 934 but all seem to be out of usage before 12th-13th century (below tephra from Hekla 1104/1206). The first results suggest a short occupation on all three sites although a phase of rebuilding around 1400 was found in the boundary wall at Stekkjarholt.



Mynd 34. Horft yfir uppgriftarsvæðið í Skálholti: Ljósmynd: Uggi Ævarsson.

7.2 Skálholt. Nemendagröftur Háskóla Íslands

Leyfishafi: Angelos Parigoris	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2008090005	Númer Þjóms: 2014-46
Staðsetning: A 425,653; N 403,542	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 1.9.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 5.9.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Rannsóknin í Skálholti er liður í þjálfun fyrsta árs nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands og er uppgröftur ársins framhald af uppgröftum fyrri ára. Opnað var 10x10 m svæðið sem venjulega er grafið í [5000] auk þess sem einn prufuskurður [5093] var tekinn suðvestan við aðalsvæðið.

Í ár var eitt jarðlag fullgrafið, annað grafið að hluta og enn annað var grafið fram. Öll jarðlögin voru skráð á hefðbundinn hátt skv. einingakerfinu [single context method] og tóku nemarnir virkan þátt í þeirri vinnu.

English Summary

The excavation in Skálholt is a part of a yearly training-week for first year archaeology students at the University of Iceland. The work involves a small-scale excavation of a 10x10 open area and the opening of a number of test trenches (fig. 1). This year work continued in the open area [5000] and one test trench located at the southwest of the main area [5093] was opened.

This year, one deposit was fully excavated, another one partially, and yet another was just exposed and recorded. A context number was assigned to each of the deposits and was recorded in the appropriate manner. During this course all students were actively engaged into all the necessary steps of the single context method; stratigraphic identification and cleaning of the deposit, photographing, and planning, and filling out context sheets including description and interpretation of the deposits in question.



Mynd 35. Konungsvegurinn á Þingvöllum. Horft yfir rannsóknarsvæðið. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

7.3 Konungsvegur við Flosagjá í Þjóðgarðinum á Þingvöllum

Leyfishafi: Margrét H. Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2014100041	Númer Þjóms: 2014-51
Staðsetning: N397385 E419057	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 24.10.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 5.11.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Við eftirlit minjavarðar Suðurlands með framkvæmdum við Flosagjá á Þingvöllum komu í ljós hleðslur sem tilheyra hinum svokallaða Konungsvegi sem gerður var í tilefni konungskomunnar árið 1907. Leyfishafi var síðan fengin til að grafa frá og hreinsa þessar hleðslur. Hleðslur vegarins ná frá brúnni yfir Flosagjá og niður að göngustíg sem liggur að Þingvallakirkju. Svæðið hefur verið lokað af og umferð gangandi beint frá svæðinu. Minjastofnun (minjavörður Suðurlands) á í samvinnu við Þjóðgarðinn um allar ákvarðanatökur í sambandi við minjar á Þingvöllum. Ekki hefur verið gengið frá svæðinu.

English Summary

During a watching brief carried out by the cultural heritage manager of South Iceland archaeology belonging to the so called Kings-road was revealed. The Kings-road was constructed in 1907 in connection with the Danish King's, Frederick VIII, visit to Iceland. An archaeologist, the permit holder for this investigation, was called on site to excavate and clean the stone structures found. These remains of the King's road run from the bridge over Flosagjá down to a footpath near Þingvallakirkja Church.



Mynd 36. Garðurinn frá Nesbrú, sjá má skemmdir á honum neðst á myndinni. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

7.4 Háeyrarmýri og Óseyri, Sveitarfélaginu Árborg

Leyfishafi: Margrét H. Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2014050011	Númer Þjóms: 2014-10
Staðsetning: N 396819 A377479	Póstnúmer: 800 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 7.5.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 7.5.2014
Tegund rannsókna: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Fornleifarannsókn (snið) var gerð á einum af þremur görðum við Nesbrú í landi Óseyrar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og á einum garði í Háeyrarmýri. Garðurinn við Nesbrú er 818 metrar að lengd og var sniðið tekið um 5 metra frá Nesbrú að austan. Garðurinn er 55 cm hár og er pæla norðanmegin við hann. Garðurinn er hlaðinn úr mýrartorfi úr pælunni og undir honum er óhreyft lag á 55 cm dýpi. 10 cm neðar er gjóskulag. Gjóskulagið er 2 cm, gróft lag sem er líklega úr Heklu. Sterkar líkur eru á að garðurinn, ásamt hinum tveimur, sé gerður á seinni hluta 19. aldar. Hafa garðarnir verið gerðir sem landamerkjagarðar og stoppa þeir allir við Nesbrú sem bendir til þess að þeir séu ekki eldri en Nesbrú.

Engin gjóskulög fundust í garðinum í Háeyrarmýri, en hann er í mesta lagi 200 ára gamall, líklega þó frá 19. öld.

English Summary

A test trench was made into a wall, one of three, near Nesbrú in Óseyri in connection with intended construction work in the area. The wall is 818 m long and the section was made about 5 m from Nesbrú, east. Most likely the wall is constructed in late 19th century and the three walls are probably all boundary walls. Another test trench was made into a wall in Háeyrarmýri. The wall is probably also from the 19th but no tephra layers were discovered in the trench.

8. Reykjanes



Mynd 37. Yfirlitsmynd yfir Gerðavelli þar sem teknir voru tveir könnunarskurðir. Ljósmynd: Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

8.1 Um hólma og nes, minjar eftir þýska kaupmenn á Suðurnesjum

Leyfishafi: Sólveig Guðmundsdóttir Beck	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014070055	Númer Þjóms: 2014-38
Staðsetning: 344.251; 393.904 329.639;374.222 318.039;382.599	Póstnúmer: 190 Vogar, 230 Reykjanesbær, 240 Grindavík
Vettvangsrannsókn hófst: 5.7.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 1.9.2014
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið þessarar frumrannsóknar var að skoða minjastaði sem taldir hafa verið tengdir þýskum kaupmönnum og athöfnum þeirra til þess að varpa frekara ljósi á umfang þeirra og aldur. Mikið landbrot hefur orðið á Reykjanesi í gegnum aldirnar vegna ágangs sjávar. Einnig hafa framkvæmdir og túnasléttun á 20. og 21. öld gengið mikið á eldri mannvistarleifar. Jarðvegsrof vegna vinds og vatns hefur einnig tekið sinn toll. Því þykir ólíklegt að mikið finnist af fornleifum á yfirborði á Reykjanesi sem beint sé hægt að tengja umsvifum þýskra kaupmanna nema með mikilli fyrirhöfn og umfangsmiklum uppgrefti t.d. á Básendum. Handbor er greinilega ekki mjög hentugt verkfæri í sendnum og oft grýttum jarðvegi Reykjanes þar sem erfitt er að komast í gegn um sandlögin, steinar eru oft fyrirstaða og bit borsins eyðist fljótt. Lítið sem ekkert kom út úr rannsóknum í Akurgerði og Kirkjuhöfn vegna þess hve minjarnar eru brotakenndar og hafa jarðvegsrof og framkvæmdir á 20. öld raskað svæðunum mikið. Líklegast var talið að hægt væri að finna minjar um viðveru þýskra kaupmanna á Gerðavöllum þar sem til eru heimildir um útgerð þeirra í Grindavík og nágrenni. Minjarnar eru nokkuð skýrar og heillegar og kom í ljós að þær eru mjög líklega frá seinni hluta 12. aldar/fyrri hluta 13. aldar og hafa sennilega verið yfirgefnar í Reykjaneseldunum 1211-1240. Minjarnar eru mjög líklega leifar af litlu grasbýli eða hjáleigu og túni en staðsetningin gefur til kynna að búseta á þessu svæði hafi þó byggst meira á sjósókn. Kallar það á frekari rannsóknir þar sem mjög fá (ef einhver) svo heilleg kotbýli frá þessu tímabili, sem ekki hafa orðið fyrir raski

seinni tíma ábúðar eða framkvæmda, hafa varðveist á Reykjanesi. Þetta eru frá-
bærar niðurstöður út af fyrir sig en gerir það þó útilokað að hægt sé að tengja
minjarnar sem sjást á yfirborði á Gerðavöllum tímabilinu þegar viðvera þýskra
kaupmanna var sem mest í Grindavík. Ekki er hægt að útiloka að þýskir kaup-
menn hafi haft aðstöðu á Gerðavöllum en fátt bendir til þess að þau umsvif hafi
verið mikil. Miklar líkur eru á því að þótt þeir hafi verið með aðstöðu þar við
ströndina þá séu ummerki um hana horfnar vegna ágangs sjávar.

English Summary


The main aim of this research is to look into archaeological sites that have been thought
to be remnants of German traders in Iceland and their activity to try and reveal their age
and extent. Coastal erosion through the ages, along with disturbance and levelling in the
20th and 21st centuries has had an extensive effect on archaeological sites in Reykjanes. It
is therefore considered unlikely that clear indications can be found of the influence Ger-
man merchants had on their environment without extensive and large scale archaeologi-
cal investigation, for example at Básendar. A handheld auger is not a practical research
tool in the sandy soils, and often, rocky terrain at Reykjanes as the drilling is very diffi-
cult and the auger becomes blunt very easily. Very little information could be gleaned
from the sites in Akurgerði and Kirkjuhöfn as the remnants are fragmented and have
been disturbed by erosion and construction projects. It was thought most likely that evi-
dence of German merchants could be found at Gerðavellir in Grindavík. The archaeologi-
cal site is fairly undisturbed, excepting some coastal erosion to the north and through
two test trenches the site was dated to the late 12th/early 13th century. The site was most
likely deserted in the Reykjaneseldar eruption in 1211-1240, which means it is uncon-
nected to the occupation of German merchants in Grindavík. It is not impossible that
they had facilities at Gerðavellir but there is nothing to indicate that their presence was
extensive and most likely it has disappeared due to coastal erosion.



Mynd 38. Vogur í Höfnum, yfirlit. Fremst mannvirki 4, þá jarðhýsi og skáli. Skáli og jarðhýsi fullrannsókuð. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

8.2 Vogur í Höfnum, Reykjanesbæ

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2003050026	Númer Þjóms: 2014-8
Staðsetning: A 319340; N 386513	Póstnúmer: 233 Reykjanesbær
Vettvangsrannsókn hófst: 26.5.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 14.6.2014
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Uppgröftur á Vogu í Höfnum hefur staðið síðan 2009 og var tilgangur rannsóknarinnar sumarið 2014 að klára að grafa meint jarðhýsi sem fannst árið 2012 nálægt skálanum sem grafinn var upp á árunum 2009-2012.

Húsið er nú, að uppgrefti 2014 loknum, fullgrafið og verður að teljast til jarðhýsa. Á óvart kom hve fáir gripir fundust í því, en húsið er af nær óþekktri gerð jarðhýsa, þótt sumt í byggingu þess sé hefðbundið. Í húsinu fannst aðeins ein stóðarhola, sem þó er ekki alveg örugg og tvö eldstæði eða ofnar.

Í ljós kom nýtt, áður óþekkt mannvirki, sem jarðsjármælingar þó höfðu gefið í skyn. Reyndist það þó ekki vera jarðhýsi heldur mannvirki af óþekktri gerð. Ekki reyndist unnt að klára að grafa það þar sem það var flóknara en ráð var fyrir gert (en reiknað var með öðru jarðhýsi á staðnum) og sökum þess að beita þurfti mjög nákvæmum aðferðum.

Ekki var hægt að finna landnámslagið in situ í sniðum undir yngri túngarði. Skráð var 41 fundanúmer.

English Summary

The excavation at Vogur in Hafnir has been ongoing since 2009 and the main aim of the 2014 season was to fully excavate a probable sunken pit-house that had been found in 2012 close to the already excavated hall (skáli).

The supposed pit-house, which was the main target this season, is now fully excavated and must be considered a typical pit-house. It contained surprisingly few artefacts, but the house is of an unknown type among pit-houses, though many features are common. In the house only one possible posthole was found, and two fireplaces or ovens.

A new structure of an unknown kind was found, as geophysics had indicated, near the pit-house. It was thought to be a pit-house, but turned out not to be. Because of its complexity it was not possible to finish it this year.


The Settlement tephra was not found under the younger embankment.



Mynd 39. Lónshús í Garði. Búið að moka vélorpnu garðlagi í burt en undir því er vélorpinn sjóvarnargarður. Ljósmynd: Stefán Ólafsson.

8.3 Lónshús í Garði

Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014100021	Númer Þjóms: 2014-50
Staðsetning: A 320890; N 402642	Póstnúmer: 250 Garður
Vettvangsrannsókn hófst: 21.10.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 22.10.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmda- eftirlit	Aðferð: blönduð tækni



Framkvæmdaeftirlit var haft með gerð göngustígs fast norðan við bæjarstæði Lónshúsa í Garði síðla árs 2014. Engar fornleifar komu í ljós við gröftinn en áður en framkvæmdir hófust stóð þar nokkuð stæðilegt garðlag sem var um 26 m langt og gaf það ástæðu til að halda að fornleifar væru á svæðinu. Þegar skurður var tekinn í garðlagið reyndist það vera búið til úr vélmokuðum sandi sem tyrft hafði verið yfir með grasþökum. Undir garðlaginu kom í ljós grjót-hleðsla sem gera má ráð fyrir að sé gamall varnargarður en hann mun vera vél-mokaður líka. Út frá því gripasafni sem kom í leitirnar við þessar framkvæmdir má draga þá ályktun að varnargarðurinn hafi farið úr notkun um miðja síðustu öld og að garðlagið sé frá seinni hluta 20. aldar.

English Summary

A watching brief was conducted in connection with the construction of a footpath north of the farm mound at Lónshús in Garður. No archaeological remains were found during the watching brief but indications were that archaeology might be found on the site due to the existence of a somewhat large, linear boundary on the site, about 26 m long. Upon investigation the boundary turned out to be machine made, made of piled sand that had been covered with turf. Under the boundary was a stone pile interpreted as an old breakwater, but it is most likely machine made as well. From the artefacts that were recovered it can be concluded that the breakwater had gone out of use in the middle of the last century and that the boundary is from the latter half of the 20th century.



Mynd 40. Brunnurinn á Stóra-Knarrarnesi. Ljósmynd: Oddgeir Isaksen.

8.4 Stóra-Knarrarnes, Vatnsleysuströnd

Leyfishafi: Oddgeir Isaksen	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2014010084	Númer Þjóms: 2014-4
Staðsetning: E 33713.06 N 393857.54	Póstnúmer: 190 Vogar
Vettvangsrannsókn hófst: 27.1.2014	Vettvangsrannsókn lauk: 31.1.2014
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Rannsókn fór fram á Stóra-Knarrarnesi vegna framkvæmda sem höfðu raskað fornleifum. Nauðsynlegt var talið að kanna hve illa raskaðar fornleifarnar væru og því var framkvæmd fullnaðarrannsókn á þeim fornleifum sem raskast höfðu. Við rannsóknina fannst hringlaga grjóthlaðinn brunnur, fylltur rusli og jarðvegi, en einnig voru grafnar upp tröppur sem lágu niður að honum. Ekki tókst að aldursgreina brunninn nema að því marki að hann hefur verið kominn til sögunnar í upphafi 20. aldar. Er ekki ólíklegt að hann hafi verið eitthvað

eldri þar sem hann er nefndur Gamli-Brunnur í örnefnaskrá. Nokkuð nákvæmlega var hægt að segja til um það hvenær brunnurinn var fylltur, en það hefur gerst rétt fyrir eða um 1960.

English Summary

An excavation was conducted at Stóra-Knarrarnes in connection with the construction of sea walls at the site. Archaeological features had been disturbed during the construction work and it was thought necessary to investigate how badly damaged they were. Therefore the disturbed archaeology was excavated in full.

The research revealed a circular stone built well with steps leading down to it. The well could at least be dated to the early 20th century and was filled in and covered just before 1960.

9. Aðrar rannsóknir

Auk rannsóknanna sem fjallað er um hér að framan voru gefin út tvö rannsóknarleyfi sem fá ekki sérstaka umfjöllun. Annars vegar leyfi Katrínar Gunnarsdóttur til rannsókna á grunni Krýsuvíkurkirkju á Reykjanesi (ranns.nr.: 20120900079) sem ekki var farið í. Hins vegar leyfi Bjarna F. Einarssonar til rannsóknar á meintri tóft á Kálfasléttu á Síðuheiðum á Suðurlandi (ranns.nr. 2007070007), en í ljós kom að um var að ræða náttúrusmíð.



Mynd 41. Yfirlit yfir hina meintu rúst á Kálfasléttu. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

Myndaskrá

Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2014. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.....	4
Mynd 2. Hvaleyri í Hafnarfirði. Horft til suðurs yfir skurðinn. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.....	5
Mynd 3. Móakot, loftmynd af rannsóknarsvæðinu, tekin með flygildi. Ljósmynd: Gísli Pálsson.....	7
Mynd 4. Horft til suðurs yfir rannsóknarsvæðið í Pósthússtræti. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.....	9
Mynd 5. Suðausturhorn Glasgow á meðan á rannsókn stóð á Vesturgötu 5. Horft í vestur. Ljósmynd: Nikola Trbojevic.....	11
Mynd 6. Loftmynd af Viðey. Staðsetningar könnunarskurða eru merktar inn. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.....	13
Mynd 7. Jarðsjármælingar á Hrísrú. Ljósmynd: Mosfell Archaeological Project.....	14
Mynd 8. Borg, Mosfellsdal. Ljósmynd: Mosfell Archaeological Project.....	15
Mynd 9. Skiphöll, Leirvogur. Ljósmynd: Mosfell Archaeological Project.....	16
Mynd 10. Yfirlitsmynd yfir könnunarskurði í túni Kataness. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.....	17
Mynd 11. Katanes í Hvalfirði. Yfirlit yfir svæði 3 eftir uppgröft á yngri tóft. Svæði 37 í baksýn. Horft í austur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.....	19
Mynd 12. Loftmynd af Bæ með staðsetningu könnunarskurðar inni í kirkju. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.....	21
Mynd 13. Loftmynd af Hítardal. Könnunarskurður merktur inn með punkti. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.....	22
Mynd 14. Gufuskálar. Mynd tekin í heimsókn starfsmanns Minjastofnunar Íslands. Ljósmynd: Agnes Stefánsdóttir.....	23
Mynd 15. Loftmynd af Helgafelli með staðsetningu könnunarskurða. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.....	24
Mynd 16. Loftmynd af Trumbsvölum. Könnunarskurðir eru merktir inn með punkti. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.....	25
Mynd 17. Loftmynd af Reynistað. Staðsetning könnunarskurða er merktir inn með punktum. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.....	27
Mynd 18. Borkjarnasýnataka með 5 m bor við Glaumbæ. Ljósmynd: ScaSS.....	28
Mynd 19. Hamar í Hegræsi - yfirlitsmynd af leifum skálabyggingar. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðsson.....	30

Mynd 20. Horft yfir leifar ónefnds fornbylis frá 10. - 11. öld í Þórðarhöfða. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.....	33
Mynd 21. Hluti öskuhaugs Staðartungu. Ljósmynd: Yuko Shiratori.	35
Mynd 22. Oddstaðir, nýtt snið. Ljósmynd: Aaron Kendall.	36
Mynd 23. Loftmynd af uppgraftarsvæðinu á Skugga, tekin með flygildi. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.	37
Mynd 24. Innbærinn á Akureyri. Yfirlitsmynd, uppgröftur í gangi. Ljósmynd: Ármann Guðmundsson.	39
Mynd 25. Ingiríðarstaðir í Þegjandadal. Grafir eftir uppgröft, horft í norður. Ljósmynd: Howell Magnus Roberts.	40
Mynd 26. Hofstaðir við lok uppgrafar sumarið 2014. Horft í vestur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.....	42
Mynd 27. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu Álftagerði í Mývatnssveit. Mynd: Ramona T. Harrison.	44
Mynd 28. Kumlabrekka í landi Geirastaða. Ljósmynd: Árni Einarsson.....	46
Mynd 29. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið á Bakka. Mynd: Oddgeir Isaksen.	47
Mynd 30. Svalbarð. Mynd tekin í SV af svæði 2. Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.....	49
Mynd 31. Svalbarðssel. Mynd tekin í vestur. Ljósmynd: Stefán Ólafsson.	50
Mynd 32. Yfirlitsmynd af uppgreftri í landi Kirkjubóls, Norðfirði. Horft í vestur. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson.	51
Mynd 33. Uppgröfturinn á Gröf í Skaftártungu (skurður A) á lokadegi uppgrafar. Ljósmynd: George Hambrecht.....	53
Mynd 34. Horft yfir uppgraftarsvæðið í Skálholti: Ljósmynd: Uggi Ævarsson.....	55
Mynd 35. Konungsvegurinn á Þingvöllum. Horft yfir rannsóknarsvæðið. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.	56
Mynd 36. Garðurinn frá Nesbrú, sjá má skemmdir á honum neðst á myndinni. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.	57
Mynd 37. Yfirlitsmynd yfir Gerðavelli þar sem teknir voru tveir könnunarskurðir. Ljósmynd: Sólveig Guðmundsdóttir Beck.	58
Mynd 38. Vogur í Höfnum, yfirlit. Fremst mannvirki 4, þá jarðhýsi og skáli. Skáli og jarðhýsi fullrannsókuð. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	60
Mynd 39. Lónshús í Garði. Búið að moka vélorpnu garðlagi í burt en undir því er vélorpinn sjóvarnargarður. Ljósmynd: Stefán Ólafsson.	62
Mynd 40. Brunnurinn á Stóra-Knarrarnesi. Ljósmynd: Oddgeir Isaksen.....	63
Mynd 41. Yfirlit yfir hina meintu rúst á Kálfasléttu. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	65